



Ársskýrsla utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra 2020





Ársskýrsla utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra

Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25 – 101 Reykjavík
Sími: 545 9900 | utn@utn.is

Júní 2021

Ábyrgðarmaður: Guðlaugur Þór Þórðarson
Umsjón: Utanríkisráðuneytið
Umbrot: Aron Freyr Heimisson & Einar Guðmundsson

© 2021 – Utanríkisráðuneytið

stjornarradid.is

Efnisyfirlit

Út úr kófinu	4
Samantekt um starfsemi ráðuneytisins	6
Málefnasvið	8
4.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála	14
4.20 Utanríkisviðskipti	24
4.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál	25
35.10 Þróunarsamvinna	30
Uppsafnað frávik	38
COVID-19: Brugðist við breyttu landslagi	39
Framvinda í kynja- og jafnréttismálum	42
Tímalína - Stiklað á stóru í starfsemi utanríkisþjónustunnar 2020	45



Út úr kófinu

Við lifum að sönnu sögulega tíma. Síðastliðin ár hafa einkennst af sviptingum í alþjóðakerfinu. Yfirstandandi heimsfaraldur hefur svo sett samfélög um allan heim úr skorðum og breytt heimsmyndinni til frambúðar. Við svo hvikular aðstæður ríður á að standa vörð um hagsmuni lands og þjóðar. Það hefur utanríkisþjónustan gert undanfarin misseri sem aldrei fyrr.

Öflug utanríkisviðskipti eru undirstaða áframhaldandi velsæðar og aukinn stuðningur við útflutningsgreinar mótar viðspyrnu okkar við faraldrinum. Hjá viðskiptavaktinni sem leit dagsins ljós síðastliðið haust geta íslensk fyrirtæki leitað aðstoðar við brýnum úrlausnar-efnum hvenær sem er. Um leið höfum við kappkostað að styrkja grundvöll utanríkisviðskiptanna. Efnahagssamráð sem sett var á fót með Bandaríkjunum 2019 er orðið að árvissum viðburði, fríverslunarviðræður við Bretland hafa verið til lykta leiddar og hagsmunagæsla á vettvangi EES-samstarfsins er ávallt í öndvegi.

Að sama skapi er áhrifaríkasta leiðin til að uppræta fátækt og bæta lífskjör í heiminum að styðja við atvinnuuppbyggingu í þróunarlöndunum. Aðkoma einkageirans er lykilforsenda þess enda hafa þróunarlöndin sjálf kallað eftir henni. Heimstorg, samstarfsverkefni utanríkisráðuneytisins og Íslandsstofu, miðlar upplýsingum til íslenskra fyrirtækja um möguleg atvinnuþróunarverkefni í þróunarlöndum og víðar. Samstarfssjóður atvinnulífs um heimsmarkmið Sameinuðu

þjóðanna er líka kominn á fullan skrið en hann er ætlaður íslenskum fyrirtækjum sem stuðla með starfsemi sinni að hagsæld í þróunarríkjum.

Við höfum einnig lagt áherslu á að tryggja enn betur öryggi Íslands gagnvart þeim síbreytilegu ógnum sem nú eru uppi. Sérstök deild fjölþáttaógnna hefur verið stofnuð í ráðuneytinu sem greinir nýjar áskoranir, til dæmis á sviði netógnna og upplýsingaóreiðu, og mótar viðbrögð við þeim. Öryggi grunninnviða á borð við ljósleiðaraþræði er líka forgangsmál. Áfram leggjum við svo okkar af mörkum til öryggis- og varnarsamstarfs á vettvangi Atlantshafsbandalagsins svo og Norðurlanda og annarra líkt þenkjandi ríkja.

Stigvaxandi þungi hefur færst í samstarf um málefni norðurslóða enda dylst engum þýðing svæðisins gagnvart þeim áskorunum sem mannkynið stendur nú frammi fyrir. Loftslagsmálin eru eitt af áhersluatriðum vel heppnaðrar formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu en henni lauk með ráðherrafundi í Reykjavík í maí. Við höfum sannarlega mikið fram að færa í þessum efnun, bæði hvað varðar nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa en líka nýsköpun á sviði kolefnisbindingar.

Allt okkar starf hefur að forsendu mannréttindi og þau lýðræðislegu gildi sem alþjóðakerfið byggist á. Það er áhyggjuefni að sótt er að

Þessum gildum, oft í skjóli COVID-19. Fámenn herlaus ríki eins og Ísland eiga mikið undir því að sátt ríki um þessi grunnildi og alþjóðalög almennt. Við beitum okkur á vettvangi alþjóðastofnana hér eftir sem hingað til og í einstökum málum, til dæmis vegna meingallaðra kosninga í Belarús.

Síðastliðin misseri hafa verið bæði krefjandi og þungbær en um leið sýnt fram á þolgæði þjóðarinnar og styrk. Ég er stoltur af árangri utanríkisþjónustunnar við að styðja íslenskt atvinnulíf og gæta hagsmuna borgaranna á slíkum óvissutímum. Nú þegar við sjáum ljósið við enda ganganna stendur Ísland sterkt að vígi í samfélagi þjóðanna.

*Guðlaugur Þór Þórðarson,
utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra*




Samantekt um starfsemi ráðuneytisins

Samantekt um starfsemi ráðuneytis

Ársskýrsla utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra byggist á fyrir-mælum í lögum um opinber fjármál. Gerð er grein fyrir fjárheimildum, raunútgjöldum, aðgerðum og þeim árangri sem náðst hefur í átt að settum markmiðum undir þeim málefnaviðum og málaflokkum sem heyra undir ráðherrann.

Utanríkisþjónustan gætir hagsmuna almennings og atvinnulífs á erlendri grund og vinnur að framgangi grunnilda íslensks samfélags á heimsvísu. Borgaraþjónustan veitir íslenskum ríkisborgurum erlendis aðstoð þegar á þarf að halda, viðtækir viðskiptasamningar opna íslenskum fyrirtækjum markaði, varnarsamstarf tryggir öryggi borgaranna og með virkri þátttöku í alþjóðasamstarfi og alþjóðlegri þróunarsamvinnu vinnur utanríkisþjónustan að því að efla virðingu fyrir mannréttindum allra, velsæld og friði.

Skipurit utanríkisráðuneytisins





Utanríkisþjónustan greinist annars vegar í utanríkisráðuneytið og hins vegar í sendiráð, fastanefndir og ræðisskrifstofur sem nefnast einu nafni sendiskrifstofur. Alls starfa nú 302 starfsmenn í utanríkisþjónustunni. 172 starfa á aðalskrifstofu og þýðingamiðstöð og 153 erlendis, þar af eru 90 staðarráðnir og 63 útsendir starfsmenn. Sendiskrifstofur Íslands eru nú 26 í 21 landi, þar af eru 16 tvíhliða sendiráð, sex fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og fjórar aðalræðisskrifstofur.

Fjölgun starfsfólks á árinu skýrist að mestu af tímabundnum verkefnum og undirbúningi fyrir þau. Þar má nefna formennsku í Norðurskautsráðinu, hagsmunagæslu og samningaviðræður vegna útgöngu Bretlands úr ESB og EES, undirbúning framboðs Íslands til setu í framkvæmdastjórn UNESCO og stjórnarsetu í Alþjóðabankanum. Fyrirkomulag rekstrar utanríkisráðuneytisins, þar sem sendiskrifstofur og aðalskrifstofa ráðuneytisins eru reknar sem ein heild, hefur reynst hagkvæmt og leitt til betri nýtingar fjármuna, meðal annars með sameiginlegri stoðþjónustu og skýrari yfirsýn yfir reksturinn. Í utanríkisráðuneytinu er unnið samkvæmt jafnréttisáætlun Stjórnarráðs Íslands og sérstakri framkvæmdaáætlun ráðuneytisins í jafnréttismálum. Unnið er markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á sendiskrifstofum og tryggja að störfín skiptist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Ólíkt því sem áður var er kynjahlutfallið nokkuð jafnt í hópi yngri háskólamenntaðra fulltrúa. Jafnt hlutfall karla og kvenna er í skrifstofustjórahópi ráðuneytisins. Í utanríkisþjónustunni eru 36 sendiherrar, þar af 24 karlar og tólf konur. Fjórir sendiherrar eru í leyfi. Ráðuneytið er jafnlaunavottað samkvæmt íslenska jafnlaunastáðlinum ÍST 85.

Kjöræðismenn Íslands, sem ekki þiggja laun fyrir vinnuframlag sitt, eru mikilvægir útverðir utanríkisþjónustunnar og framlag þeirra er ómetanlegt, ekki síst á sviði borgarþjónustu og viðskiptaþjónustu. Í dag eru þeir 214 í 93 ríkjum.

Ráðstöfun varasjóðs

Einn varasjóður er fyrir bæði málefnasviðin og fellur hann undir málaflokkinn Utanríkisþjónusta og stjórnarsýsla utanríkismála. Í upphafi árs 2020 var sjóðurinn 107 m.kr. og var honum ráðstafað á fjárlagaviðfangið 03-101-101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa til að mæta óvæntum útgjöldum.

Rekstur og fjárfestingar

Neðar gefur að líta mynd yfir skiptingu fjárheimilda, raunútgjalda og frávik eftir málefnasviðum og málaflökkum sem eru á forræði utanríkisráðuneytisins, í milljónum króna.

Heildarútgjöld utanríkismála námu 18.036,8 m.kr. á síðasta ári. Heildar-fjárheimildir samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2020 að viðbættum millifærslum og framlögum vegna afskrifta voru 19.203,8 m.kr. Heildarafkoman eins og hún birtist í árslok 2020 var því jákvæð sem nemur 1.167,0 m.kr. Af þeirri fjáræð eru 511,2 m.kr. jákvæð afkoma málaflokksins 4.50 Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs. Lokastaða þessa liðar er felld niður í árslok. Að teknu tilliti til þessa er jákvæð afkoma í árslok 655,9 m.kr., þar af eru 342,5 m.kr. fluttar fjárheimildir frá árinu 2019 og 313,3 m.kr. er jákvæð afkoma af rekstri innan ársins 2020.

Málefnasvið

Á árinu 2020 var málefnasviði 4 Utanríkismál skipt upp í tvö málefnasvið, 4 Utanríkismál og 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna. Málefnasvið 4 skiptist í fjóra málaflokka, utanríkisþjónusta og stjórnarsýsla utanríkismála, utanríkisviðskipti, samstarf um öryggis- og varnarmál og samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs. Málefnasvið 35 hefur einn málaflökk sem nefnist þróunarsamvinna.

Í töflunni hér aftar er yfirlit rekstrarafkomu þeirra málefnasviða og málaflokka sem utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra ber ábyrgð á. Tafla 1 sýnir raungjöld, rekstur og tilfærslur í milljónum króna að frádregnum rekstrartekjum í samanburði við áætlanir ársins 2020 ásamt uppsöfnuðum frávikum frá fyrri árum.



Málefnasvið

Frávikagreining – málefnasvið og málaflokkar 2020

Tafla 1. Rekstur og tilfærslur – málefnasvið og málaflokkar.

Málefnasvið	Rauntölur ársins	Fjárheimildir ársins	Fjárheimildir frá fyrra ári	Frávik frá fjárheimildum	Frávik %
04 Utanríkismál	11.718,2	12.600,8	287,2	1.169,8	9,1%
0410 – Utanríkisþjónusta og stjórnarsýsla utanríkismála	5.947,4	6.294,0	220,6	567,2	8,7%
0420 – Utanríkisviðskipti	842,0	842,0	0,0	0,0	0%
0430 – Samstarf um öryggis- og varnarmál	2.498,6	2.523,5	66,7	91,5	3,5%
0450 – Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs	2.430,1	2.941,3	0,0	511,2	17,4%
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	6.318,6	6.260,5	55,3	-2,8	0%
3510 - Þróunarsamvinna	6.318,6	6.260,5	55,3	-2,8	0%
Samtals	18.036,8	18.861,3	342,5	1.167	6,1%

Heildarútgjöld, þ.e. samanlögð rekstrar- og fjárfestingarútgjöld, þeirra málefnasviða og málaflokka sem utanríkisráðuneytið ber ábyrgð á námu 18.036,8 m.kr. árið 2020. Að teknu tilliti til uppsafnaðra fjárheimilda frá fyrra árum var afkoman jákvæð um 1.167 m.kr. eða sem nemur 6,1% af fjárheimildum ráðuneytisins. Hafa ber í huga að af þeirri fjárhæð eru 511,2 m.kr. á liðnum Alþjóðastofnanir

sem ekki reynir á og eru felldar niður í árslok í samræmi við reglur um uppgjör fjárlagaliða. Eftir stendur að áætluð afkoma í árslok er jákvæð um 655,9 m.kr. Þar af eru 342,5 m.kr. fluttar fjárheimildir frá árinu 2019 en 313,3 m.kr. er jákvæð afkoma af rekstri innan ársins 2020, eða sem nemur 1,7% af fjárheimildum ársins. Nánar er fjallað um afkomu einstakra málaflokka hér á eftir.



Utanríkismál Málefнасvið 4

4.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála

Heildarfjárheimild málaflokksins nam 6.514,6 m.kr. að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá fyrra ári sem námu 220,6 m.kr. Rekstrarafkoma innan ársins var jákvæð sem nemur 346,6 m.kr. eða sem nemur um 5,5% af fjárheimild ársins. Að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá árinu áður var afkoman jákvæð sem nemur 567,2 m.kr.

Mestu frávikin voru á fjárlagaliðnum **03-300 Sendiráð Íslands**, en afkoman var jákvæð sem nemur 350,4 m.kr. Fluttar fjárheimildir frá fyrra ári námu 155,7 m.kr. og afkoma innan ársins var jákvæð um 194,7 m.kr., sem skýrist að mestu vegna tafa sem urðu á viðburðum og viðhaldsframkvæmdum vegna COVID-19. Gengis- og verðlagsbætur námu 216 m.kr. Þá voru frávik á fjárlagaliðnum **03-190 Ýmis verkefni** en þar var afkoma ársins jákvæð sem nemur 134 m.kr. Frávikin skýrist fyrst og fremst af töfum vegna heimsfaraldursins sem hafa orðið á framkvæmd ýmissa tímabundinna verkefna í tengslum við formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu og notið hafa sérstakrar fjármögnunar. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna þessara verkefna falli til á árinu 2021.

4.20 Utanríkisviðskipti

Fjárheimild málaflokksins var 842 m.kr. á árinu 2020. Rekstrargjöld málaflokksins voru í samræmi við áætlun ársins og þar sem engar fjárheimildir voru fluttar á milli ára var afkoma ársins í jafnvægi. Engin fjárfestingaútgjöld falla undir málaflokkinn. Undir málaflokkinn falla einungis framlög til Íslandsstofu sjálfseignarstofnunar.

4.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál

Heildarfjárheimild málaflokksins var 2.590,2 m.kr., þar af var fjárheimild ársins 2.523,5 m.kr. og 66,7 m.kr. uppsafnaðar fjárheimildir frá fyrra ári. Rekstrargjöld ársins námu 2.498,6 m.kr. og var afkoma málaflokksins jákvæð sem nemur 91,5 m.kr. í árslok eða 3,5%. Þetta má alfarið rekja til áhrifa heimsfaraldursins sem leiddi til frestunar á undirbúningi og framkvæmd varnaröryggisæfinga, vinnuferða og tafa sem hafa orðið á samningsbundnum framkvæmdum á varnar-svæðinu og gert er ráð fyrir að komi til ráðstöfunar á árinu 2021.

4.50 Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs

Undir málaflokkinn falla aðildargjöld Íslands vegna fjölþjóðasamstarfs þvert á verkefni sem falla undir málaflokkana sem fjallað hefur verið um að framan. Útgjöld vegna verkefna sem falla undir málaflokkinn sveiflast nokkuð milli ára og tekur hlutdeild Íslands reglulega breytingum í samræmi við reiknireglur hverrar stofnunar. Fjárheimild málaflokksins nam 2.941,3 m.kr. Rekstrargjöld málaflokksins voru 2.430,1 m.kr. og frávik frá áætlun því 511,2 m.kr. Helsta skýringin eru frávik sem hafa orðið á greiðslu framlaga til Uppbyggingarsjóðs EES. Greiðslur sem voru innheimtar á árinu voru tæpur helmingur af því sem áætlað hafði verið og skýrir það frávik sem nemur 713 m.kr. Greiðslur vegna ýmissa annarra verkefna voru heldur hærri en áætlað hafði verið. Árslokastaða á þessum lið er felld niður í árslok í samræmi við reglur um uppgjör fjárlagaliða. Engin stefna er sett fram fyrir þennan málaflokk sérstaklega eða markmið og mælikvarðar. Málaflokkurinn heldur fyrst og fremst utan um aðildargjöld að fjölþjóðasamstarfi og byggist á stefnu sem mörkuð hefur verið í tengslum við aðra málaflokka.

Alþjóðleg þróunarsamvinna Málefnasvið 35

35.1 Þróunarsamvinna

Heildarfjárheimild málaflokksins var 6.315,8 m.kr. Þar af var fjárheimild ársins 6.260,5 m.kr og uppsafnaðar fjárheimildir liðinna ára 55,3 m.kr. Rekstrargjöld ársins námu 6.318,6 m.kr og var afkoma málaflokksins neikvæð sem nemur 2,8 m.kr í árslok.

Engin fjárheimild til fjárfestinga var á málaflokknum á árinu, en fluttar voru 45,6 m.kr. frá fyrra ári. Útgjöld vegna fjárfestinga ársins námu 3 m.kr. og var 42,7 m.kr. óráðstafað í árslok.

Framgangur verkefna í þróunarsamvinnu var í samræmi við stefnu og fyrirfram skilgreind markmið sem sett voru fram í aðgerðaáætlun málaflokksins¹. Vegna áhrifa heimsfaraldursins var þörf á að endurskoða áætlunina að hluta til að gera stjórnvöldum kleift að bregðast við alþjóðlegum áköllum í tengslum við COVID-19. Skiptust þessi framlög milli fjölbjóðlegrar þróunarsamvinnu, mannúðaraðstoðar, og samstarfslanda Íslands í tvíhliða þróunarsamvinnu. Alls var 740 milljónum kr. varið til fjölbjóðlegra aðgerða vegna COVID-19, þ.m.t. til bóluafna-samstarfs, og 264 milljónum kr. til tvíhliða aðgerða gegn faraldrinum og áhrifum hans. Alls nema þessi framlög rúmum milljarði. Áætlað er að heildarframlög til þróunarsamvinnu nemi 0,29% af vergum þjóðatekjum en önnur ráðuneyti fara með ráðstöfun hluta þess fjár.

Mikil vinna hefur verið lögð í að tryggja skilvirkni og gagnsæi ferla á árinu. Nýr gagnagrunnur fyrir upplýsingar um heildarframlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu var tekinn í gagnnið og leggur grundvöll að markvissri og nákvæmri framsetningu tölulegra upplýsinga sem birtar verða á nýrri heimasíðu fyrir þróunarsamvinnu árið 2021.

Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllun um árangur og ávinning af ráðstöfun fjármuna er kaflaskipt eftir málaflokkum þeirra málefnasviða sem utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra hefur forræði yfir. Uppbygging kaflanna er sambærileg þar sem markmið eru skilgreind, stöðumat er birt og þau verkefni tíunduð sem helst stuðluðu að framgangi viðkomandi markmiða. Árangursmælingar markmiða byggjast annars vegar á mælikvörðum ársins 2020 í fjármálaáætlun 2020–2024 og hins vegar á aðgerðum ársins sem settar voru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2020.

Þróun markmiða og mælikvarða

Þau markmið og aðgerðir sem hér er fjallað um voru skilgreind með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2020 en mælikvarðarnir voru settir fram í fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024. Nokkrar breytingar hafa orðið á markmiðum, aðgerðum og mælikvörðum, eftir atvikum, með fjármálaáætlun 2021–2025, sem samþykkt var á Alþingi í október 2020 og með fjármálaáætlun 2022–2026, sem samþykkt var á Alþingi vorið 2021. Gerð er grein fyrir breytingunum og ástæðum þeirra í viðkomandi fjármálaáætlunum.

Staða aðgerða eftir málaflokkum

Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka eftir málefnasviðum í árslok 2020 er birt í töflum hér fyrir neðan. Alls voru skilgreindar tuttugu aðgerðir í fjárlagafrumvarpi en þar sem sumar þeirra styðja við fleiri en eitt markmið teljast þær samtals í skýrslunni 29. Þar af voru 16 hafnar eða langt komnar, 12 aðgerðum var lokið og ein aðgerð í undirbúningi. Staða aðgerðanna var nokkuð mismunandi og skýrist það af ólíku eðli málaflokkanna og eins af því að aðgerðirnar ná yfir mismörg tímabil.



¹ <https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Utanrikismal/Throunarsamvinna/Sta%3fb0a%20a%3fb0ger%3fb0a%3ba1%3ba6tlunar%20%3bad%20%3ber%3bb3unarsamvinnu%202019-2020%20loka%3bbatg%3ba1fa.pdf>



4.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála

Undir málaflokkinn fellur meirihluti rekstrarkostnaðar utanríkisþjónustunnar, ráðuneytis og sendiskrifstofa og þau verkefni sem lúta að því að standa vörð um hag íslenskra ríkisborgara erlendis. Málaflokknum tilheyrir einnig rekstur EES-samningsins, fríverslunar-samninga og annarra viðskiptasamninga, viðskiptaþjónusta, alþjóðleg og svæðisbundin samvinna um frið og öryggi, þjóðaréttur og sjálfbær þróun til viðbótar við mannréttindi, loftslags- auðlinda- og umhverfismál.

Utanríkisráðuneytið hefur sætt ríkri aðhaldskröfu og gætt ráðdeildar í rekstri. Ef útgjöld síðastliðins árs eru borin saman við útgjöld ráðuneytisins eins og þau voru árið 2007 er utanríkisráðuneytið annað tveggja ráðuneyta þar sem útgjöld hafa dregist saman að raungildi frá því sem var fyrir efnahagshrunið 2008. Á sama tíma hefur utanríkisþjónustan tekist á hendur aukin verkefni, að verulegu leyti með forgangsröðun og aðhaldi á öðrum sviðum.

Á árinu var ráðist í endurbætur á samskiptum ráðuneytisins við sendiskrifstofur Íslands. Stofnuð var sérstök deild tvíhliða málefna sem er ætlað það hlutverk að vera miðstöð sem styður við starf tvíhliða sendiráða, aðalræðisskrifstofa og heimasendiherra. Þá var nýtt verklag við starfsáætlanagerð tekið upp á haustmánuðum. Leitast var við að einfalda og samhæfa áætlanagerðina og samræma viðskipta- og menningaráætlanir sendiskrifstofa og áætlanir Íslandsstofu.

Ný lög um utanríkisþjónustuna voru samþykkt á seinni hluta ársins. Breytingarnar miða að því að koma á fastari skipan við val á sendiherrum til framtíðar með því að setja þak á fjölda sendiherra, afnema almenna undanþágu frá auglýsingaskyldu og lögfesta sérstakar hæfniskröfur.

Ísland á alþjóðavettvangi

Alþjóðakerfi byggt á almennum reglum sem breið sátt ríkir um skiptir smáriki höfuðmáli í alþjóðasamskiptum. Þá er virðing fyrir þjóðarétti og fjölþjóðasamvinnu þeim ómetanleg. Ísland hefur að undanfögnu verið í forystuhlutverki á alþjóðavettvangi í ráðum, stjórnnum og nefndum. Þar gefst tækifæri til að leggja af mörkum til friðar, réttlætis og sjálfbærrar þróunar og afla sjónarmiðum Íslands stuðnings.

Tveggja ára formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu lauk með fjölsóttum ráðherrafundi í Reykjavík 20. maí síðastliðinn. Norðurskautsráðið er mikilvægasti samstarfsvettvangurinn um málefni norðurslóða og alþjóðapolítískt vægi ráðsins hefur aukist til muna á undanföllum árum. Yfirskrift formennsku Íslands „Saman til sjálfbærni á norðurslóðum“ endurspeglar í senn breyttar aðstæður í þessum heimshluta okkar og þær úrlausnir sem íslensk stjórnvöld tala fyrir. Heimsfaraldurinn setti mark sitt á formennsku Íslands og vinnu Norðurskautsráðsins undanfarið ár og þurfti að færa til viðburði og laga starfið að breyttum aðstæðum. Formennska Íslands lagði áherslu á málefni hafsins, loftslagsmál, endurnýjanlega orku og fólk og samfélög á norðurslóðum, auk eflingar Norðurskautsráðsins. Ráðherrafundurinn heppnaðist vel þrátt fyrir miklar skipulagslegar áskoranir vegna heimsfaraldursins. Ráðherrarnir samþykktu Reykjavíkuryfirlýsinguna og nýja framtíðarstefnu ráðsins til næstu tíu ára.

Náið samband Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkja hefur alla burði til að eflast enn frekar. Samtals fundaði utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra þrjátíu sinnum með starfssystkinum sínum á Norðurlöndum

² Bráðabirgðartölur vegna kostnaðar vegna umsækjanda um vernd og kvótaflóttafólks.

og í Eystrasaltsríkjum á árinu 2020. Þá var þess einnig minnst að liðin voru þrjátíu ár frá upphafi NB8-samstarfsins en fyrsti fundur utanríkisráðherra ríkjanna var haldinn í Kaupmannahöfn í desember 1990.

Mikilvægur árangur náðist með skýrslu Björns Bjarnasonar um þróun samstarfs Norðurlandanna í utanríkis- og öryggismálum. Í skýrslunni er lögð áhersla á loftslagsbreytingar, fjölþáttaógnir og netöryggi auk leiða til að efla fjölþjóðasamstarf og virðingu fyrir alþjóðalögum. Skýrslan gerir m.a. tillögur um aukna sameiginlega stefnumörkun Norðurlandanna á sviði loftslagsmála, um loftslagsöryggi og þróunarmál, viðbúnað vegna heimsfaraldra, norrænt samstarf um utanríkisþjónustu og að rannsóknir á sviði utanríkis- og öryggismála skuli eflar.

Ísland skipar sér í sveit lýðræðisríkja sem beita sér með virkum hætti í þágu mannréttinda og lýðræðislegra gilda sem víða eiga undir högg að sækja. Á árinu voru liðin 75 ár frá stofnun Sameinuðu þjóðanna sem veitti tilefni til að minnast árangurs af starfi í þágu mannréttinda, friðar og sjálfbærrar þróunar og efna til umræðu um aukna þátttöku í starfi stofnunarinnar. Á vettvangi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland beitt sér í málefnum Írans og ákveðnum árangri hefur verið náð í málefnum Filippseyja og Sádi-Arabíu þótt enn sé langt í land. Á árinu kom út skýrsla um setu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í fyrsta skipti, sem er eitt mikilvægasta hlutverk sem Ísland hefur gegnt á alþjóðavettvangi, en henni lauk í lok árs 2019.

Undirbúningur hefur staðið yfir vegna framboðs Íslands til setu í framkvæmdastjórn UNESCO fyrir tímabilið 2021-2025. Í framboði

sínu hefur Ísland m.a. lagt áherslu á eflingu og vernd mannréttinda og frelsis, jafnréttismál og valdeflingu kvenna, og virka þátttöku ungmenna. Á sama hátt hefur Ísland lagt áherslu á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og eflingu vísinda og þekkingar á þeim sviðum. Þá hófst undirbúningur formennsku Íslands í Evrópuráðinu sem mun standa í sex mánuði frá því síðla árs 2022 en Ísland tekur sæti í yfirstjórn Evrópuráðsins í maí 2021 og mun sitja þar fram á vor 2024. Formennska Íslands felst í að leiða starf ráðsins ásamt öðrum leiðtogum þess, hafa málefnalegt frumkvæði í störfum þess og vera í fyrirsvári fyrir Evrópuráðið gagnvart öðrum alþjóðastofnunum. Ísland hefur aðeins einu sinni áður, árið 1999, gegnt formennsku í Evrópuráðinu. Formennskan mun veita einstakt tækifæri til þess að kynna land og þjóð innan Evrópuráðsins og í Strassborg, þar sem Ísland verður í öndvegi á tímabilinu. Undirbúningur er einnig hafinn fyrir ráðherrafund Evrópuráðsins sem haldinn verður á Íslandi vorið 2023 undir forystu utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra. Reiknað er með að fundurinn verði fjölmennasti ráðherrafundur sem haldinn verður hér á landi með þátttöku 47 aðildarríkja Evrópuráðsins.

Loftslags-, auðlinda og umhverfismál eru áfram í forgrunni alþjóðasamvinnu. Ísland á þar ríkra hagsmuna að gæta og hefur einnig mikilli sérþekkingu að miðla, þar með talið í þróunarsamvinnu. Áhersla er lögð á hreina, sjálfbæra orku, ekki síst nýtingu jarðhita og hreina orkubera eins og grænt vetni og vetnisafurðir. Þá eru jafnframt í öndvegi sjálfbær nýting og verndun hafsins, plastmengun, endurheimt vistkerfa, sjálfbær landnýting, aukin mótvægis- og aðlögunarhæfni samfélaga vegna áhrifa loftslagsbreytinga og föngun og förgun gróðurhúsalofttegunda.





Utanríkisviðskipti

Íslensk utanríkisviðskiptastefna miðar að því að tryggja íslenskum fyrirtækjum besta mögulega viðskiptaumhverfi á erlendum mörkuðum. Unnið er að því með gerð og rekstri viðskiptasamninga og með eflingu utanríkisviðskipta í tvíhliða-, marghliða- og alþjóðasamstarfi s.s. á vettvangi EES, EFTA, WTO og OECD. Öflug viðskiptaþjónusta vinnur einnig að sama marki í samvinnu við Íslandsstofu og styður við íslensk fyrirtæki í sókn þeirra á erlenda markaði, veitir ráðgjöf og leitar lausna ef vandamál koma upp.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) er mikilvægasti viðskiptasamningur Íslands. Á undanförunum árum hefur verið ráðist í mörg átaksverkefni til að bæta framkvæmd og rekstur samningsins m.a. með því að leggja áherslu á virkari hagsmunagæslu á fyrri stigum löggjafarferlisins og tryggja tímanlega innleiðingu með aukinni fjárveitingu til fagráðuneyta í þeim tilgangi.

Árið 2020 var hálf öld liðin frá því að Ísland gekk í EFTA og sextíu ár frá því að stofnunin var sett á fót. Í krafti aðildar sinnar að EFTA hefur Ísland gert 29 samninga við 40 ríki og landsvæði. Árið 2020 stóðu yfir fríverslunarsamningaviðræður EFTA ríkjanna við Malasíu og Víetnam og um uppfærslu á fríverslunarsamningum við Chile og SACU (Tollabandalag Suður-Afríku). Ísland hefur einnig tvíhliða fríverslunarsamninga við Kína og Færeyjar. Ítarlega samantekt um alla helstu viðskiptasamninga Íslands má finna í skýrslunni Áfram gakk! um utanríkisviðskiptastefnu Íslands sem unnin var á árinu 2020 og kom út í byrjun janúar 2021.

Umfangsmikil vinna hefur farið fram í utanríkisráðuneytinu undanfarin ár vegna útgöngu Bretlands úr ESB og undirbúnings fyrir viðræður um framtíðarsamband ríkjanna. Í byrjun árs 2021 hættu EES-samningurinn og aðrir samningar sem Ísland hefur gert við ESB að gilda um Bretland. Þessi breytta staða krafðist öflugrar hagsmunagæslu á liðnu ári en viðræður um framtíðarsamband ríkjanna hófust af fullum krafti í ágúst. Bráðabirgðasamningur um vöruviðskipti Íslands og Noregs við Bretland tók gildi 1. janúar 2021 og brúar bilið þar til nýr viðtækur fríverslunarsamningur tekur gildi en formlegt samkomulag um fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna innan EES við Bretland var staðfest í byrjun júní 2021. Viðræður við Bretland um mál sem falla utan fríverslunarviðræðna hafa einnig átt sér stað á ýmsum sviðum og þar ber hæst undirritun loftferðasamnings 16. desember 2020.

Efnahagssamráð Íslands og Bandaríkjanna var enn frekar fest í sessi árið 2020 en annar fundur þess fór fram í október. Efnahags- og viðskiptamál milli ríkjanna voru rædd á breiðum grundvelli með það að markmiði að undirbúa jarðveginn fyrir mögulegar fríverslunarviðræður í framtíðinni og ákveðið að halda samráðið eftirleidis árlega.

² Bráðabirgðartölur vegna kostnaðar vegna umsækjanda um vernd og kvótaflóttafólks.

Staða og fjöldi aðgerða málefnasviðs 4

Ekki hafa verið skilgreind markmið, mælikvarðar eða aðgerðir fyrir málaflokka 4.20 og 4.50.

Utanríkismál Málefnasvið 4

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða	Samt.
4.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála	● 1 ● 7 ● 8	16
4.20 Utanríkisviðskipti		
4.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál	● 4 ● 1	5
4.50 Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs		
Samtals aðgerðir	● 5 ● 7 ● 9	21

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið





Markmið málaflokksins eru:

1. Standa betur vörð um grunnildi utanríkisstefnu Íslands: lýðræði, virðingu fyrir réttarríkinu og alþjóðalögum, mannréttindum og mannréttindi, jafnrétti allra, sjálfbæra þróun, afvopnun og friðsamlega lausn deilumála.
2. Standa betur vörð um hagsmuni Íslands og íslenskra ríkisborgara erlendis. Í því felst annars vegar að byggja upp og bæta tengsl við íslenska ríkisborgara erlendis og hins vegar að gæta sérstakra hagsmuna Íslands, s.s. varðandi hafrétt og sjálfbæra nýtingu auðlinda og heilnæmt umhverfi þ.m.t. á norðurslóðum.
3. Tryggja íslenskum fyrirtækjum sem bestan aðgang að erlendum mörkuðum og bæta samkeppnisstöðu þeirra og styðja sókn þeirra á erlendum mörkuðum, svo sem í gegnum viðskiptaþjónustu utanríkisþjónustunnar og styðja íslenska ferðaþjónustu með því að tryggja greiða afgreiðslu Schengen-áritana.

Markmið 1: Standa betur vörð um grunngildi utanríkisstefnu Íslands: lýðræði, virðingu fyrir réttarríkinu og alþjóðalögum, mannúð og mannréttindi, jafnrétti allra, sjálfbæra þróun, afvopnun og friðsamlega lausn deilumála.

Mælikvarðar fyrir markmið 1

Raun 2019

Viðmið 2020

Raun 2020

Orðspor Íslands á alþjóðavettvangi varðandi grunngildi utanríkisstefnu Íslands: lýðræði, virðing fyrir réttarríkinu og alþjóða-lögum, mannúð og mannréttindi, jafnrétti allra, sjálfbær þróun, afvopnun og friðsamleg lausn deilumála.

Engin mæling til.

7

Engin mæling til. Samsettur mælikvarði hefur enn ekki verið fullunninn en til stendur að ljúka við gerð hans á næstunni.

Aðgerðir sem styðja við markmið 1

Framkvæmd 2020

Styrkja stofnanir, verkefni og viðburði sem stuðla að auknum mannréttindum, jafnrétti, þjóðarétti og mannúð á heimsvísu bæði í samstarfi við aðra og að eigin frumkvæði, sbr. viðburði á rakarastofum og fullgilda og staðfesta alþjóðlega samninga.

- Aðgerðir sem styðja við markmið 1 falla ýmist undir málefnasvið 04 eða 35 og felast í öflugu málsvarastarfi á vettvangi allsherjarþings og mannréttindaráðs SP, UNESCO, ÖSE og Evrópuráðsins, formennskuhlutverki í Alþjóðabankanum, kjarnaframlögum til mannúðar- og þróunarstofnana SP og áherslum í tvíhliða þróunarsamvinnu. Sértek verkefni voru m.a. þátttaka í verkefninu Kynslóð jafnréttis og undirbúningur rakarastofuviðburða í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, og í tvíhliða þróunarsamstarfi.

Auka virkni sendiskrifstofa á samfélagsmiðlum til að auka skilvirka og skjóta upplýsingamiðlun.

- Samstarf aðalskrifstofu ráðuneytisins við sendiskrifstofur um samræmda efnismiðlun á samfélagsmiðlum um íslensk hagsmunamál hefur verið aukið, meðal annars með stofnun hópa á Teams. Upplýsingadeild samræmir miðlun efnis á samfélagsmiðlum ráðuneytisins í samvinnu við sendiskrifstofur um þau málefni sem snúa að hagsmunum Íslands. Fylgjendur utanríkisþjónustunnar og einstakra sendiskrifstofa á samfélagsmiðlum eru rúmlega 225 þúsund auk samfélagsmiðla Íslendingafélaga um víða veröld. Facebook-færslur utanríkisþjónustunnar voru skoðaðar tæplega 3,7 milljón sinnum árið 2020, samanborið við 1,6 milljón árið 2019. Aukninguna má að stórum hluta rekja til reglulegrar upplýsingagjafar vegna COVID-19 heimsfaraldurs.

Efla gerð og miðlun grunnupplýsinga um brýn hagsmunamál Íslands sem nýtast ráðuneytum og sendiskrifstofum til að efla þekkingu almennings á Íslandi og erlendis á málefnaviðum ráðuneytisins í gegnum innlenda og erlenda fjölmiðla, samfélagsmiðla, með skýrslugjöf og fundum heima fyrir og erlendis.

- Viðamiklar skýrslur um lykilorði utanríkisstefnunnar á borð við utanríkisviðskipti og alþjóðamál unnar og útgefnar á árinu. Talpunktar um áherslur í utanríkisstefnunni og aðgerðir Íslands vegna COVID-19 útbúnir fyrir sendiskrifstofur og ráðuneyti. Stefnumörkun um áherslur í kynningu á Íslandi og stefnu íslenskra stjórnvalda unnin í samvinnu við Íslandsstofu og almannatengslaskrifstofuna BWC og hún lögð til grundvallar í frumkvæðiskynningu gagnvart erlendum fjölmiðlum.

Markmið 2: Standa betur vörð um hagsmuni Íslands og íslenskra ríkisborgara erlendis. Í því felst annars vegar að byggja upp og bæta tengsl við íslenska ríkisborgara erlendis og hins vegar að gæta sérstakra hagsmuna Íslands, s.s. varðandi hafrétt og sjálfbæra nýtingu auðlinda og heilnæmt umhverfi þ.m.t. á norðurslóðum.

Mælikvarðar fyrir markmið 2

Mótuð verði stefna um inntak og veitingu borgarþjónustu.

Raun 2019

Stefna í málefnum borgarþjónustu 2019-2024 var samþykkt í september 2019.

Viðmið 2020

Hefja innleiðingu fimm meginmarkmiða stefnunnar.

Raun 2020

Innleiðing stefnunnar fór vel af stað en aðgerðir mörkuðust af heimsfaraldri. Eitt neyðarnúmer tekið upp fyrir neyðartilvik. Heildstætt mat á viðbrögðum utanríkisráðuneytisins var gert um mitt ár sem hafði mikil áhrif á aðgerðir og var deildin sameinuð áritanadeild til að auka viðbragðsgetu borgarþjónustunnar.

Aðgerðir sem styðja við markmið 2

Innleiðing stefnu fyrir borgarþjónustu utanríkisráðuneytis.

● Stefnan og aðgerðaáætlun með fimm meginmarkmiðum reyndist mjög mikilvæg þegar kalla þurfti til nærri 100 starfsmenn utanríkisþjónustunnar til aðstoðar hátt í tólf þúsund borgurum sem skráðu sig hjá borgarþjónustunni þegar heimsfaraldur skall á í mars 2020. Innleiðingaráætlun stefnunnar riðlaðist í heimsfaraldri en unnið verður eftir henni áfram. Markmið um aukna vitund almennings um þjónustuna fór fram úr áætlun og aðgangur að upplýsingum á vefnum hefur batnað. Samhæfing þjónustunnar hefur einnig batnað með reglulegum fjarfundum við sendiráð og aukinni fræðslu. Viðbragðsgeta í neyðartilvikum hefur vaxið með sameiningu deilda borgarþjónustu og áritanamála. Áfram verður unnið að innleiðingu markmiða á gildistíma stefnunnar.

Auka virkni sendiskrifstofa á samfélagsmiðlum til að auka skilvirka og skjóta upplýsingamiðlun.

● Heimsfaraldurinn krafðist verulega aukinnar virkni sendiskrifstofa á samfélagsmiðlum sem reyndust mikilvægur liður í upplýsingamiðlun til íslenskra ríkisborgara erlendis, t.d. í heimflutningsátaki borgarþjónustu vorið 2020. Áherla hefur verið lögð á að greint sé frá helstu breytingum á ferðatakamörkunum og sóttvarnareglum a landamærum vegna COVID-19 með skýrum og tímanlegum hætti á samfélagsmiðlum. Fylgjendur utanríkisþjónustunnar og sendiskrifstofa á samfélagsmiðlum eru um 225 þúsund auk samfélagsmiðla Íslendingafélaga. Facebook-færslur utanríkisþjónustunnar voru skoðaðar tæplega 3,7 milljón sinnum árið 2020, samanborið við 1,6 milljón árið 2019. Þessa miklu aukningu má að stórum hluta rekja til reglulegrar upplýsingagjafar vegna COVID-19 heimsfaraldurs.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Aðgerðir sem styðja við markmið 2

Styrkja málsvarastarf, samvinnu og þátttöku á vettvangi alþjóðastofnana og í svæðabundnu samstarfi; auka samráð innan utanríkisþjónustunnar og Stjórnarráðsins alls.

Tryggja hagsmuni Íslands í málefnum er varða sjálfbæra nýtingu auðlinda, þ.m.t. á sviði hafréttar, með virkri þátttöku í samningaviðræðum, alþjóðlegum viðburðum og svæðasamstarfi, með nægum mannafla og virkri stefnumótun þvert á fagráðuneyti.

Auka áhrif Íslands í alþjóðlegu samstarfi um umhverfis- og loftslagsmál, þ.m.t. samningaviðræðum við ESB og Noreg um innri skiptingu ábyrgðar í loftslagsmálum.

Efla gerð og miðlun grunnupplýsinga um brýn hagsmunamál Íslands sem nýtast ráðuneytum og sendiskrifstofum til að efla þekkingu almennings á Íslandi og erlendis á mál-efnasviðum ráðuneytisins í gegnum innlenda og erlenda fjölmiðla, samfélagsmiðla, með skýrslugjöf og fundum heima fyrir og erlendis.

Framkvæmd 2020

- Skýrsla Björns Bjarnasonar um þróun samstarfs Norðurlandanna í utanríkis- og öryggismálum kom út á árinu. Reglulegt samráð við önnur ráðuneyti endurvakið um loftslags-, auðlinda- og umhverfismál. Sett var af stað sérstök greining á stöðu loftslags-, auðlinda- og umhverfismála á alþjóðavettvangi með tilliti til hagsmuna Íslands.
- Deild loftslags- auðlinda- og umhverfismála var eflað á árinu. Hafist var handa við greiningu á mála-flokkunum með tilliti til hagsmunagæslu á alþjóðavettvangi. Þátttaka í viðræðum um nýjan samning um verndun og sjálfbæra nýtingu á líffræðilegri fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja (BBNJ). Þátttaka í viðræðum hjá WTO um nýjan samning um ríkisstyrki í sjávarútvegi. Samningaviðræður Íslands, Noregs, Nýja-Sjálálands, Costa Rica og Fíji-eyja um umhverfissvæn viðskipti (ACCTS) hófust. Formennska í Norðurskautsráðinu 2019-2021 með áherslu m.a. á sjálfbærni og hafmál.
- Norðurskautsráðsformennskan 2019-2021. Formennska Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2019 og framkvæmd formennskuverkefna 2019-2021. Samningaviðræðum við ESB og Noreg um innri skiptingu útblástursheimilda í loftslagsmálum lokið. Markvissari þátttaka í störfum alþjóðastofnana og -samninga, þ.m.t. Umhverfisstofnun SP (UNEP), samningnum um viðskipti með plöntur og dýra-tegundir í útrýmingarhættu (CITES), Alþjóðastofnunin um sjálfbæra orku (IRENA), eyðimerkursáttmála SP (UNCCD) og sáttmála SP um loftslagsbreytingar (UNFCCC).
- Viðamiklar skýrslur um lykilkætti utanríkisstefnunnar á borð við utanríkisviðskipti, Evrópumál og norðurslóðamál unnar og útgefna á árinu. Talpunktar um áherslur í utanríkisstefnunni og aðgerðir Íslands vegna COVID-19 útbúnir fyrir sendiskrifstofur og ráðuneyti. Stefnuörkun um áherslur í kynningu á Íslandi og stefnu íslenskra stjórnvalda unnin í samvinnu við Íslandsstofu og almannatengslaskrifstofuna BWC og hún lögð til grundvallar í frumkvæðiskynningu gagnvart erlendum fjölmiðlum.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 3: Tryggja íslenskum fyrirtækjum sem bestan aðgang að erlendum mörkuðum og bæta samkeppnisstöðu þeirra og styðja sókn þeirra á erlendum mörkuðum, svo sem í gegnum viðskiptaþjónustu utanríkisþjónustunnar og styðja íslenska ferðaþjónustu með því að tryggja greiða afgreiðslu Schengen-áritana.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Bætt frammistaða við upptöku og innleiðingu EES-gerða (frammistöðumat ESA).	99%	99,2%	98,8%
Fjöldi fríverslunarsamninga.	40 (EFTA), 2 (tvíhliða)	41 og 2	40 og 2
Fjöldi umsókna um Schengen-áritanir til Íslands sem afgreiddar eru í sendiráðum Íslands utan Schengen-svæðisins.	9,4 þús. umsóknir afgreiddar í MOS og PEK.	34 þús. umsóknir verði afgreiddar í MOS, PEK, NDE, WAS og LON með UTN.	3.223 umsóknir

Aðgerðir sem styðja við markmið 3

Tryggja virkari þátttöku Íslands í mótun EES--löggjafar með því að fjölga og efla fulltrúa og byggja upp og viðhalda þekkingu á EES-samningnum innan stjórnvísunna.

● Sendiskrifstofan í Brussel var styrkt með fjölgun fulltrúa fagráðuneytanna. Nú eru níu fulltrúa ráðuneyta þar að störfum. Auk fulltrúa utanríkisráðuneytisins eru tveir frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og jafnframt eiga dómsmálaráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, forsætisráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, umhverfis- og auðlindaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið sinn fulltrúa hvert. Gert er ráð fyrir að öll ráðuneyti verði komin með fagfulltrúa til starfa hjá sendiskrifstofunni á árinu 2021. Verkferill við forgangslista um hagsmunagæslu í EES-samstarfinu var straumlínulagaður og endurbættur.

Bæta frammistöðu við upptöku og innleiðingu EES-gerða.

● Mikil áhersla hefur verið lögð á bætt frammistöðu við upptöku og innleiðingu EES-gerða. Upptökuhalli jókst úr 435 gerðum upp í 590 gerðir frá árslokum 2019 til ársloka 2020, en staðan batnaði mikið á sviði fjármálaþjónustu og fór úr 107 gerðum frá ársbyrjun 2020 niður í 77 gerðir í árslok 2020. Árangur við innleiðingu EES-gerða hefur farið batnandi undanfarin misseri en á árinu 2020 varð hún aðeins lakari en árin á undan en engu að síður miklu betri en hún hefur lengst af verið í sögu EES-samningsins.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Aðgerðir sem styðja við markmið 2

Framkvæmd 2020

Tryggja hagsmunum Íslands í samningaviðræðum sem leiða af útgöngu Bretlands úr ESB í samræmi við stefnu ríkisstjórnar.

- Vision 2020 yfirlýsingin undirrituð í maí 2020. Loftferðasamningur undirritaður í desember 2020. Bráðabirgðafríverslunarsamningur milli Íslands, Noregs og Bretlands undirritaður og fullgildur. Samningaviðræður um framtíðarsamskipti og viðskipti stóðu yfir á árinu og lauk viðræðum um fríverslunarsamning í júníbyrjun 2021.

Vinna að gerð fríverslunarsamninga fyrir atvinnulífið og efla samráð við hagsmunaaðila og byggja upp og viðhalda þekkingu á fríverslunarsamningnum innan stjórnvalla.

- Skýrslan Áfram gakk! um utanríkisviðskiptastefnu Íslands kom út. Þar er m.a. fjallað um áhrif heimsfaraldursins á íslenskan útflutning, stöðu utanríkisviðskipta, gang mála innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, fríverslunarsamskipti Íslands við EFTA-ríkin og ESB, fríverslunarsamninga EFTA og Íslands auk þess sem finna má í skýrslunni ítarlegt yfirlit yfir alla helstu viðskiptasamninga Íslands. Skýrslunni var sérstaklega dreift til hagsmunaaðila.

Árið 2020 stóðu yfir fríverslunarviðræður EFTA-ríkjanna við Malasíu og Víetnam og um uppfærslu á fríverslunarsamningum við Chile og SACU (Tollabandalag Suður-Afríku).

Hefja móttöku umsókna um vegabréfsáritanir í sendiráðum Íslands í London, Washington og Nýju-Delí.

- Afgreiðsla umsókna um vegabréfsáritanir hófst sendiráðinu í Washington í febrúar 2020 og í sendiráðinu í London í september sama ár. Þá tóku sendiráðin í Peking og Nýju-Delí í auknum mæli við afgreiðslu áritana sem fyrirvarsríki sem Danir höfðu einkum séð áður um. Schengen-svæðið lokaðist í mars 2020 vegna heimsfaraldurs og er enn lokað fyrir útgáfu áritana nema vegna nauðsynlegra ferða. Markmið um útgáfu 34 þús. áritana í sendiráðunum náðist því ekki. Búist er við að hægt verði að hefja afgreiðslu áritana á ný í júní 2021.

Auka virkni sendiskrifstofa á samfélagsmiðlum til að auka skilvirka og skjóta upplýsingamiðlun.

- Samstarf við sendiskrifstofur um samræmda efnismiðlun á samfélagsmiðlum um íslensk hagsmunamál hefur verið aukið, m. a. með stofnun hópa á Teams. Sendiskrifstofur deila reglulega efni um framsækin íslensk fyrirtæki og ferðamannaáfangastaðinn Ísland. Í kjölfar heimsfaraldurs hefur rafrænum tvíhliða viðskiptaviðburðum fjölgað sem bæði hafa verið sýndir í beinu streymi eða birtir á samfélagsmiðlum. Áhersla er t.d. lögð á markaðskynningu íslenskra fyrirtækja hjá aðalræðisskrifstofu Íslands í New York, sem í gegnum markaðsverkefnið Iceland Naturally og íslensk fyrirtæki hefur dreift efni til rúmlega milljón notenda á samfélagsmiðlum. Fylgjendur utanríkisþjónustunnar og sendiskrifstofa á samfélagsmiðlum eru um 225 þúsund. Facebook-færslur utanríkisþjónustunnar voru skoðaðar tæplega 3,7 milljón sinnum árið 2020, samanborið við 1,6 milljón árið 2019. Þessa miklu aukningu má þó að stórum hluta rekja til reglulegrar upplýsingagjafar vegna COVID-19 heimsfaraldurs.

Efla gerð og miðlun grunnupplýsinga um brýn hagsmunamál Íslands sem nýtast ráðuneytum og sendiskrifstofum til að efla þekkingu almennings á Íslandi og erlendis á málefnaviðum ráðuneytisins í gegnum innlenda og erlenda fjölmiðla, samfélagsmiðla, með skýrslugjöf og fundum heima fyrir og erlendis.

- Viðamiklar skýrslur um lykilkætti utanríkisstefnunnar á borð við utanríkisviðskipti, alþjóðamál og norðurslóðamál unnar og útgefna á árinu. Talpunktar um áherslur í utanríkisstefnunni og aðgerðir Íslands vegna COVID-19 útbúnir fyrir sendiskrifstofur og ráðuneyti. Stefnumörkun um áherslur í kynningu á Íslandi, íslensku atvinnulífi og stefnu íslenskra stjórnvalda unnin í samvinnu við Íslandsstofu og almannatengslaskrifstofuna BWC og hún lögð til grundvallar í kynningu utanríkisþjónustunnar á Íslandi á alþjóðavettvangi.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið



4.20 Utanríkisviðskipti

Undir málaflökkinn falla einungis framlög til Íslandsstofu sjálfseignarstofnunar en um hana gilda lög nr. 38/2010, með síðari breytingum. Utanríkisráðuneytið starfar náði með Íslandsstofu að því að efla íslenskan útflutning og laða ferðamenn og erlenda fjárfestingu til landsins. Í október 2020 undirrituðu utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og framkvæmdastjóri Íslandsstofu samning um stofnun þjónustuborðs atvinnulífsins sem hlotið hefur nafnið Heimstorg. Hlutverk þess er að miðla upplýsingum til íslenskra fyrirtækja á stuðningi við atvinnuþróunarverkefni í þróunarlöndum. Íslandsstofa hefur umsjón með rekstri þjónustuborðsins en í baklandi þess eru sérfræðingar utanríkisráðuneytisins um atvinnulíf og þróunarsamvinnu, viðskiptaþjónustu, Uppbyggingarsjóð EES, auk annarra alþjóðlegra samstarfssjóða sem íslensk fyrirtæki hafa aðgang að. Þá er Samstarfssjóður við atvinnulíf um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna einnig kominn á fullan skrið. Sjóðurinn styrkir starfsemi íslenskra fyrirtækja í þróunarríkjum sem stuðla að hagsæld í anda heimsmarkmiðs númer átta um mannsæmandi atvinnu og sjálfbæran hagvöxt.

Í október 2019 kynnti Íslandsstofa framtíðarstefnu stjórnvalda og atvinnulífs fyrir íslenskan útflutning. Stefnunótunin var unnin af Íslandsstofu, fyrir hönd utanríkisráðuneytisins, í nánu samstarfi við íslenskar atvinnugreinar. Meginmarkmið stefnunnar er að Ísland sé þekkt sem leiðandi land í sjálfbærni og fléttast sú framtíðarsýn inn í sex stefnumótandi áherslur: orka og grænar lausnir; hugvit, nýsköpun og tækni, listir og skapandi greinar, ferðaþjónusta, sjávarútvegur og sérhæfð matvæli og náttúruafurðir. Þá voru helstu markaðssvæðin einnig skilgreind en hinir hefðbundnu útflutnings-

markaðir Íslands verða áfram mikilvægastir. Var samhljómur um að Norður-Ameríka, Vestur-Evrópa og Kína yrðu áherslumarkaðir Íslands næstu ár og mun markaðs- og kynningarstarf því einkum miða að þessum markaðssvæðum

Í framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning³ hafa verið skilgreind mælanleg árangursviðmið sem verða notuð til að meta árangur af starfi. Því voru ekki sett fram önnur markmið, mælikvarðar eða aðgerðir í fjármálaáætlun, heldur vísað á árangursmat Íslandsstofu sem útflutnings- og markaðsráð fylgir eftir.

³ Stefnuna er að finna á stefnumotun.islandstofa.is

4.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál

Grunnforsenda þjóðaröryggisstefnunnar er staða Íslands sem herlausrar eyþjóðar sem tryggir öryggi sitt og varnir með virkri samvinnu við önnur ríki og innan alþjóðastofnana. Ísland fer ekki varhluta af þeim breytingum sem hafa orðið í öryggismálum á heimsvísu á undanförunum árum. Hornsteinar öryggis og varna Íslands eru sem fyrr aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin.

Atlantshafsbandalagið er meginvettvangur samstarfs og samráðs um viðbrögð við hefðbundnum og óhefðbundnum ógnum. Fæling og varnir, hernaðarmáttur Rússlands, hryðjuverkaógnir, aðgerðir bandalagsins í Afganistan og Írak, fjölþáttaógnir og byltingarkennd tækniþróun eru þar efst á baugi um þessar mundir, samhliða áherslum tengdum áhrifum COVID-19.

Í samstarfi við Atlantshafsbandalagið ábyrgjast íslensk stjórnvöld rekstur íslenska loftvarnakerfisins, eftirlitskerfa með hafsvæðum, samskiptakerfa, og annarra mannvirkja og búnaðar á Íslandi. Heimsfaraldurinn hefur falið í sér áskoranir fyrir starfsemi öryggissvæðisins í Keflavík en tekist hefur að halda verkefnum nánast óbreyttum að umfangi, þar með talið gístiríkjastuðningi og rekstri varnarmannvirkja og búnaðar.

Viðhald og rekstur varnarmannvirkja og búnaðar er forsenda þess að Ísland geti fullnægt rekstrar- og gístiríkjaskuldbindingum sem byggjast á tvíhliða varnarsamningnum við Bandaríkin og aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Viðhaldi var lítið sinnt frá árinu 2006 þar til nýverið þegar byrjað var að sinna nauðsynlegu viðhaldi

og endurbótum til að geta tryggt fullnægjandi þjónustu við starfsemi á öryggissvæðinu.

Fjölþjóðlegt samstarf á sviði öryggis- og varnarmála hefur vaxið jafnt og þétt í takt við áskoranir í alþjóðlegu öryggisumhverfi. Utan Atlantshafsbandalagsins hefur virkt samráð verið meðal Norðurlandanna á vettvangi norræna varnarsamstarfsins (NORDEFCO), í Norðurlandunum og meðal NB8-ríkjanna um sameiginlega öryggis- og varnarhagsmunum á árinu 2020.

Eitt af meginmarkmiðum Íslands í öryggis- og varnarmálum er að byggja upp og samhæfa viðbúnað og getu á sviði netöryggismála og efla þekkingu og viðbrögð við fjölþáttaógnum. Í því skyni var deild fjölþáttaógnna sett á fót innan öryggis- og varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins í nóvember. Deildin leiðir stefnumótun ráðuneytisins á þessu sviði, sinnir upplýsingaúrvinnslu, gerð hættumats og áætlana ásamt því að annast samstarf við líkt þenkjandi ríki. Þá beinir deildin sjónum að netöryggismálum, erlendum fjárfestingum í innviðum eða fyrirtækjum, upplýsingaóreiðu og viðnámsþoli til að takast á við slíkar ógnir, ásamt því að vinna að fræðslu og upplýsingamiðlun um málefnið.

Þá skilaði starfshópur um ljósleiðaramálefni og útboð ljósleiðaraþráða Atlantshafsbandalagsins skýrslu í febrúar sl. þar sem lagt er til að hafinn verði undirbúningur útboðs á tveimur af þremur ljósleiðaraþráðum Atlantshafsbandalagsins hér á landi í þágu samkeppni á fjarskiptamarkaði, þjóðaröryggis og varnarhagsmuna.





Markmið í málaflokknum eru:

1. Tryggja betur trúverðugar og sýnilegar varnir sem byggjast á alþjóðasamstarfi, einkum á vettvangi NATO og ÖSE, og varnarsamningnum við Bandaríkin og virku samstarfi við grannríki á sviði öryggismála.
2. Tryggja betri rekstur og viðhald íslenska loftvarnakerfisins og annarra kerfa og varnarmannvirkja á Íslandi, þ.m.t. varnarmannvirkja NATO á öryggissvæðinu á Keflavíkflugvelli.
3. Tryggja að ávallt sé til staðar fullnægjandi gistiríkjastuðningur, viðbúnaðargeta og öryggi og sérfræðikunnátta til þess að taka á móti liðsafla á friðartímum sem og hættu- eða ófriðartímum ef þörf krefur.

Markmið 1: Tryggja betur trúverðugar og sýnilegar varnir sem byggjast á alþjóðasamstarfi, einkum á vettvangi NATO og ÖSE, og varnarsamningnum við Bandaríkin, og virku samstarfi við grannríki á sviði öryggismála.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Áhugi samstarfsþjóða á viðveru hér á landi mældir í fjölda daga og fjölda þátttakenda.	212/863 Bráðabirgðatölur.	300/1200	300/2.768
Hlutfall fjárveitinga og styrkja til framkvæmda hér á landi úr sjóðum NATO og með vísan til varnarsamningsins.	1.200 m.kr. 39%.	1.100 m.kr. 34%.	3.147 m.kr. 124%.

Aðgerðir sem styðja við markmið 1

Framkvæmd 2020

Átak til að vinna á uppsöfnuðu viðhaldi öryggis- og varnarmannvirkja.

- Meiriháttar viðhald á ratsjár- og fjarskiptastöðinni á Stokksnesi lauk í árslok 2020. Byrjað var á utan-hússviðhaldi á flugskýlum o.fl. Bygging gistiskála hófst í árslok 2020. Uppfærslum á ratsjárkerfum lauk í ágúst 2020. Endurnýjun hugbúnaðar stjórnstöðvarkerfis er í bið.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 2: Tryggja betri rekstur og viðhald íslenska loftvarnakerfisins og annarra kerfa og varnarmannvirkja á Íslandi, þ.m.t. varnarmannvirkja NATO á öryggissvæðinu á Keflavíkurlflugvelli.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Áreiðanleiki kerfa og viðhald þeirra sé í samræmi við staðla og reglur NATO.	>90%	>90%	>90%

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Fjöldi kerfa NATO sem aðgangur er að hér á landi.	70%	80%	80%
Fjöldi athugasemda úr gæðaeftirlitsskoðunum Landhelgisgæslu og stofnana NATO.	70%	<5%	<5%

Aðgerðir sem styðja við markmið 2

Framkvæmd 2020

Uppfærslur ratsjárkerfanna en verkefnið er að mestu greitt af mannvirkjasjóði NATO.

● Viðhaldi og uppfærslu á ratsjárkerfum lokið.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 3: Tryggja að ávallt sé til staðar fullnægjandi gistiríkjustuðningur, viðbúnaðargeta og öryggi og sérfræðikunnátta til þess að taka á móti liðsafla á friðartímum, sem og hættu- eða ófriðartímum ef þörf krefur.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Fjöldi krafna um úrbætur eða breytingar á þjónustu úr gæðaeftirlitsskoðunum Landhelgisgæslu og stofnana NATO. Skýrslur þjóðanna sem nýta gistiríkja-stuðning.	<5%	< 5%	<5%
Fjöldi gistirýma innan öryggissvæðisins.	220	310	220 Byggingu gistiskála hefur seinkað vegna COVID og lýkur í nóvember 2021.

Aðgerðir sem styðja við markmið 3

Framkvæmd 2020

Auka þjálfun og færni starfsmanna sem vinna að loftrýmisgæslu og rekstri ratsjárkerfisins með aukinni þátttöku í námskeiðum hjá bandalagsríkjunum og stofnunum Atlantshafsbandalagsins.

● Takmörkuð þjálfun á árinu 2020 vegna COVID-19.

Bæta aðbúnað, öryggi og fjölga gistirýmum á öryggissvæðunum með endurbótum á húsnæði og byggingu nýrra gistihúsa.

● Bygging gistiskála hefur tafist vegna COVID-19. Fyrsti gistiskálinn af fjórum verður tekinn í notkun í nóvember 2021.

Líðs- og birgðaflutningaáætlun NATO. Ný varnartengd mannvirki.

● Unnið að endurbótum mannvirkja og flugvallarinnviða á öryggissvæðinu með framlögum frá Íslandi, NATO og Bandaríkjunum.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið



35.10 Þróunarsamvinna

Alþjóðleg þróunarsamvinna er ein meginstoð íslenskrar utanríkisstefnu og mikilvægur hlekkur í þjóðaröryggisstefnu Íslands. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru leiðarljós og Ísland leitast við að uppfylla þau með því að bæta lífsskilyrði og fjölga tækifærum fólks með sterkari félagslegum innviðum, að bæta fæðuöryggi og örva hagþróun á grundvelli jöfnuðar og sjálfbærrar auðlindanýtingar, að auka viðnámsþrótt samfélaga og flýta endurreisn með aukinni samhæfingu mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu. Kynjajafnrétti og loftslags- og umhverfismál hafa verið þverlæg málefni innan þróunarsamvinnu Íslands um margra ára skeið.

Ísland hefur skýra stefnu í þróunarsamvinnu sem byggist á íslenskrari sérþekkingu og reynslu. Með auknu samstarfi við félagasamtök og fyrirtæki má enn frekar leggja fátækum þjóðum lið í atvinnuuppbyggingu og almennri styrkingu innviða, sem er grundvöllur hagsældar alls staðar.

Starfsemi á **málefnasviði 35, alþjóðleg þróunarsamvinna**, er á ábyrgð utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra. Meginverkefni málaflokksins er tvíhliða og fjölþjóðleg þróunarsamvinna í samstarfi við valin samstarfslönd og svæði, fjölþjóðastofnanir og borgarasamtök. Verkefnum er sinnt af þróunarsamvinnuskrifstofu ráðuneytisins, tveimur sendiskrifstofum í Afríku (í Malaví og Úganda) og fastanefndum Íslands í New York, Genf, Vín, París og Róm.

Alþjóðabankinn, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) eru áherslustofnanir Íslands í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu.

Þá er rík áhersla lögð á samvinnu við frjáls félagasamtök sem leggja sitt af mörkum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands. Auk þess hefur vægi atvinnulífisins aukist til muna enda er viðtæk samvinna forsenda þess að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna verði náð.

Ísland leggur sitt af mörkum til mannúðaraðstoðar, einkum í samstarfi við stofnanir Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaráð Rauða krossins (ICRC). Á árinu 2020 voru mannúðarframlög til Sýrlands hvað umfangsmest auk framlaga vegna neyðarástandsins í Jemen og á Sahel-svæðinu í Afríku.

Malaví og Úganda eru tvíhliða samstarfsþjóðir Íslands í þróunarsamvinnu og byggist vinnan að mestu leyti á samstarfi við héraðs-yfirvöld. Ísland hefur einnig sinnt samstarfi í Vestur-Afríku við Síerra Leóne og Líberíu þar sem unnið er með heimamönnum og alþjóðastofnunum með áherslu á fiskimál og jafnréttismál. Í undirbúningi er opnun sendiskrifstofu í Síerra Leóne sem verður samstarfsþjóð Íslands í þróunarsamvinnu.

Stór hluti fjölþjóðlegra aðgerða fólst í að tryggja þróunarlöndum aðgang að öruggum bólusetningum gegn COVID-19. Framlag utanríkisráðuneytisins til COVAX, samstarfs ríkja um að tryggja öllum þjóðum jafnan aðgang að bóluefni við COVID-19, nam 500 milljónum kr. árið 2020. Þessu til viðbótar var 240 milljónum kr. heitið til fjölþjóðlegra aðgerða vegna COVID-19 og 264 milljónum kr. til tvíhliða aðgerða gegn faraldrinum. Alls nema framlög Íslands til COVID-19 aðgerða rétt rúmum milljarði.

Heimsfaraldurinn hafði mikil áhrif á starfsemi Jafnréttisskólans, Jarðhitaskólans, Landgræðsluskólans og Sjávarútvegsskólans, undir merkjum GRÓ - þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu, og kom í veg fyrir að hægt væri að taka á móti áætluðum nemendafjölda. Unnið er að 10 af 17 heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og er hér fjallað um lítinn hluta af markmiðssetningu og starfi Íslands innan málaflöksins.



Alþjóðleg þróunarsamvinna Málefnasvið 35

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða	Samt.
35.10 Þróunarsamvinna	● 1 ● 2 ● 2 ● 3	8
Samtals aðgerðir	● 1 ● 2 ● 2 ● 3	8

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

Markmið málaflokksins eru:

1. Uppbygging félagslegra innviða og störf í þágu friðar
2. Verndun jarðarinnar og sjálfbær nýting náttúruauðlinda.

Markmið 1: Uppbygging félagslegra innviða og störf í þágu friðar (menntun, heilsa og hreinlæti á samstarfssvæðum í Malaví, Úganda og Mósambík)

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Bætt grunnmenntun: hlutfall barna í 2. og 3. bekk sem hafa lágmarkskunnáttu í lestri og stærðfræði.	Ýmsar skólaframkvæmdir hafnar, hönnun húsnæðis fyrir yngstu nemendur, miðstöðvar fyrir nemendur með sérþarfir o.fl.	50% (Mal). Núverandi verkefni lýkur 2019 (Úg).	43% drengir - 40% stúlkur (Mal) Menntaverkefni framlengt í Úganda. 21 grunnskólar sem þjónusta 24.000 nema byggðir. 176 fullbúnar skólastofur og 23 hús fyrir kennara.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Lækkuð tíðni mæðra- og barnadauða í Malaví:			
a) Hlutfall kvenna í skoðun snemma á meðgöngu.	a) 14,8%	a) 15%	a) 16%
b) Hlutfall fæðinga undir stjórn faglærðra.	b) 64%	b) 80%	b) 68%
c) Bólusetningar barna á fyrsta ári.	c) 86%	c) 75%	c) >91%
Bætt aðgengi að heilnæmu vatni og salernisaðstöðu:			
a) Fjöldi vatnspósta/veitna.	a) 0	a) 340 (Mal) 79 (Mós)	a) 234 (Mal) 132 (Mós)
b) Fjöldi fólks með bætt aðgengi að vatni.	b) 0	b) 55.000 (Mal) 35.000 (Mós)	b) 66.180 (Mal) 40.000 (Mós)
c) Hlutfall heimila á samstarfssvæði með aðgang að heilnæmu vatni.	c) 0	c) 80% (Mal) (2021)	c) 76% (Mal)
d) Fjöldi fólks með bætt salernisaðstöðu.	d) 0	d) 177.000 (Mós)	d) 44,380 (Mós)

Aðgerðir sem styðja við markmið 3

Framkvæmd 2020

Byggðapróunarverkefni í Malaví.

- Samstarfsverkefni í heilbrigðisþjónustu með héraðsyrföldum í Mangochi-héraði í Malaví var haldið áfram á árinu og var framgangur góður þrátt fyrir COVID-19. Í Mangochi var ný bráðadeild fyrir börn yngri en fimm ára við héraðssjúkrahúsið tekin í notkun, tíu starfsmannahús reist við tíu heilsupósta og tveir nýir heilsupóstar opnaðir. Þjálfun og símenntun starfsfólks á 24 heilsugæslum, 68 mæðranefndir og 50 heilbrigðisnefndir fengu einnig þjálfun í forvarnarstarfi í nærsamfélögum.

Unnið var að ýmsum endurbótum í 12 skólum í Mangochi-héraði. Tveir leikskólar voru byggðir til að vera fyrirmyndir fyrir aðra leikskóla.

Tímamót urðu þegar sveitarfélagið Mponda í Mangochi fékk vottun stjórnvalda fyrir að sjá öllum heimilum fyrir drykkjarhæfu vatni, viðunandi salernum og hreinlætisaðstöðu en kóleru og fleiri niðurgangspestir má oftast rekja til skorts á hreinu drykkjarvatni og hreinlætisaðstöðu. Í kjölfarið hefur stórlega dregið úr hvers kyns pestum. Nýjar vatnsborholur og brunnar sem tryggja nærri sjöttíu þúsund manns hreint vatn urðu til með íslenskum stuðningi árið 2020.

Aðgerðir sem styðja við markmið 3

Framkvæmd 2020

Byggðaþróunarverkefni í Úganda.

- Annar áfangi menntaverkefnis í Buikwe er á góðum skriði með stuðningi við fjóra framhaldsskóla og 21 grunnskóla til viðbótar við þá 21 sem þegar var lokið við í fyrsta áfanga. Skólana sækja hátt í 24 þúsund grunnskólanemar og um fjögur þúsund á framhaldsskólastigi. Samstarf við Namayingo, sárafátækt hérað í austurhluta Úganda, er í þann mund að hefjast.

Öðrum áfanga vatnsverkefnis í Buikwe er lokið og hefur tekist vel að koma neysluvatni nær heimilum fólks og uppfæra kerfin. Um 62 þúsund manns fá nú betri vatnsveitu. Pípulagnir eru nýjung sem færir fólki vatnið í krana heim þegar best lætur. Vegna tafa náðist þó markmiðið aðeins að hluta.

Lokið var við endurbætur á fiskmarkaði í Panyimur í Pakwach-héraði, en Ísland stóð fyrir byggingu hans á árunum 2012-13, og aftur að stækkun 2019-20. Mikil hækkun yfirborðs Albertsvatns gerði frekari úrbætur nauðsynlegar til að verja markaðinn flóðum. Á markaðnum gegna konur 70% starfa og þar koma saman um sjö þúsund sölumenn einn til tvo daga í viku. Markaðurinn þjónar einnig nágrennalöndunum Rwanda, Kongó, Suður-Súdan og Mið-Afríkulýðveldinu.

Þriggja ára samningur sem nær til ársins 2022 er í gildi við UNICEF í Úganda um uppbyggingu vatns- og salernismála í heilsgæslustöðvum og skólum í flóttamannabygðum. Uppbyggingin fer fram í héruðunum Arua og Adjumani í norðvesturhluta Úganda og áætlað er að ríflega 43 þúsund manns njóti góðs af verkefninu.

Samstarfsverkefni við UNICEF á sviði vatns og hreinlætis í Sambesíu-fylki í Mósambík.

- Samstarfsverkefni Íslands við UNICEF á sviði vatns og hreinlætis í Sambesíu-fylki í Mósambík var hluti af lokastuðningi Íslands í landinu, sem var áður tvíhliða samstarfsland Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. 120.000 manns hafa fengið aðgang að heilnæmu vatni vegna verkefnisins. Markmiðum þess hefur verið náð og því lokið.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 2: Verndun jarðarinnar og sjálfbær nýting náttúruauðlinda (orkumál, líf í vatni og sjálfbær hagvöxtur).

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Aukin nýting jarðhita og annarra endurnýjanlegra orkugjafa:			
a) Fjöldi útskrifaðra nemenda úr Jarðhitaskóla á ári.	a) 24	a) 26	a) 0 vegna áhrifa COVID-19 á ferðatakmarkanir nemenda
b) Fjöldi þátttakenda í námskeiðum Jarðhitaskólans í þróunarríkjum á ári.	b) 2	b) 90	b) Fjöldi þátttakenda í netnámskeiðum ARGeo-C8 jarðhitaráðstefnunnar fyrir Austur-Afríku: 54
c) Fjöldi jarðhitaverkefna sem íslenskir sérfræðingar veita ráðgjöf í á ári.	c) 2	c) 3	c) 4
Verndun og sjálfbær nýting hafs og vatna:			
a) Fjöldi útskrifaðra nemenda úr Sjávarútvegsskóla á ári.	a) 24	a) 26	a) 22, en ekki teknir inn nýjir nemendur seinni hluta árs vegna áhrifa COVID-19 á ferðatakmarkanir nemenda
b) Fjöldi þátttakenda í námskeiðum Sjávarútvegsskólans í þróunarríkjum á ári.	b) 2	b) 60	b) Fjöldi þátttakenda í námskeiðum: 0 vegna áhrifa COVID-19 á ferðatakmarkanir nemenda
c) Fjöldi sjávarútvegsverkefna sem íslenskir sérfræðingar veita ráðgjöf í á ári.	c) 4	c) 3	c) 4
d) Fjöldi umhverfis- og heilsuvænna reykofna fyrir fisk byggðir í sjávarþorpum á ári.	d) 14	d) 200	d) 0
e) Fjöldi löndunarstöðva sem eru hreinsaðir af rusli og plasti á ári	e) 5	e) 8	e) 4

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Sjálfbær hagvöxtur og mannsæmandi atvinnutækifæri fyrir alla:			
a) Samstarfssjóður við atvinnulífið um heimsmarkmiðin: fjöldi umsókna sem standast umsóknarviðmið og á fjármögnun á ári	a) 0	a) 5	a) 16 umsóknir og af þeim fengu 8 fyrirtæki vilyrði fyrir styrkveitingu.
b) Fjöldi smálána til fiskverkenda á ári.	b) 0	b) 10	b) 0 – vegna áhrifa COVID-19.
c) Fjöldi kvenfrumkvöðlasamtaka sem njóta stuðnings AWEEF á ári.	c) 0	c) 2	c) 0 – Stuðningi Íslands við afríska kvenfrumkvöðla í orkugeiranum (African Women Energy Entrepreneurs Framework, AWEEF) lauk á árinu.

Aðgerðir sem styðja við markmið 2

Framkvæmd 2020

Jarðhitaskólinn býður nemendum frá þróunarríkjum upp á nám á Íslandi og heldur námskeið erlendis.

- Starf Jarðhitaskólans raskaðist á árinu vegna COVID-19 faraldursins, en skólinn býður að jafnaði upp á sex mánaða nám fyrir starfandi sérfræðinga frá þróunarlöndum og heldur styttri námskeið í samstarfsríkjum. Vegna faraldursins voru hvoki teknir inn nemendur í nám á Íslandi né haldin námskeið erlendis. Skólinn hélt hins vegar netnámskeið fyrir alþjóðlegu ARGeo-C8 jarðhitaráðstefnuna á árinu. Þá var öndvegissetur í jarðhita í Kenía einnig styrkt.

Ráðgjafalisti á sviði jarðhita er starfræktur í samvinnu við Alþjóðabankann. Íslenskir sérfræðingar leggja af mörkum til alþjóðlegra verkefna bankans.

- Ráðgjafalistinn hefur fest sig í sessi og á árinu fóru 16 íslenskir jarðhita-sérfræðingar til starfa við alþjóðleg verkefni og veittu m.a. ráðgjöf við teymi Alþjóðabankans í El Salvador, Kasakstan og Kenýa. Ráðgjafalistarnir eru hluti af viðleitni Íslands að byggja á sérþekkingu sinni í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Enn fremur fjármagnar Ísland stöðu sérfræðings við ESMAP, orkusjóð Alþjóðabankans, en sérfræðingurinn starfar í höfuðstöðvum bankans í Washington DC.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

⁴ Markmið með samstarfssjóði við atvinnulífið um heimsmarkmið SP er að draga úr fátækt og styðja við atvinnusköpun á sjálfbærari vöxt í fátækjum ríkjum heims, verkefni skulu vera til hagsbóta og miða að verðmætasköpun í þróunarlöndum.

⁵ Hluti af svæðaverkefni Íslands á sviði bláa lífhagkerfisins í Vestur-Afríku (Sierra Leóne og Líberíu).

⁶ AWEEF (sjá: <http://aweef.theargo.org/>), Africa Women Energy Entrepreneurship Framework, er samstarfsverkefni Íslands og Umhverfisstofnunar Sp (UN Environment) sem styður m.a. við kvenfrumkvöðla á sviði sjálfbærrar orku.

Aðgerðir sem styðja við markmið 2

Framkvæmd 2020

Sjávarútvegsskólinn býður nemendum frá þróunarríkjum upp á nám á Íslandi og heldur námskeið erlendis.

- Skólinn rekur að jafnaði sex mánaða nám fyrir starfandi sérfræðinga frá þróunarlöndum og heldur styttri námskeið í samstarfríkjum. 22 nemendur luku námi á árinu en ekki reyndist unnt að taka inn nýja nemendur seinni hluta árs vegna ferðatakmarkana af völdum COVID-19.

Á árinu 2020 reyndist ekki unnt að halda námskeið erlendis vegna COVID-19.

Ráðgjafalisti á sviði sjávarútvegs er starfræktur í samvinnu við Alþjóðabankann. Íslenskir sérfræðingar leggja af mörkum til alþjóðlegra verkefna bankans.

- Umfang starfs vegna ráðgjafalista Íslands á sviði fiskimála fer vaxandi. Á árinu fóru níu ráðgjafar til starfa í tengslum við alþjóðleg verkefni Alþjóðabankans í ólíkum heimshlutum. Ráðgjafalistarnir eru hluti af viðleitni Íslands að byggja á sérþekkingu sinni í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Ísland styður einnig við starf PROBLUE-sjóðs Alþjóðabankans og var auglýst staða íslensks sérfræðings í fiskimálum sem hefur störf á árinu 2021. Sérfræðingurinn mun starfa að verkefnum á Kyrrahafssvæðinu með aðsetur á Salómonseyjum.


Bygging heilsu- og umhverfissvænna reykofna fyrir sjávarþorp er hluti af svæðaverkefni Íslands í Síerra Leóne og Líberíu

- Umhverfissvænir reykofnar fyrir fiskvinnslu byggjast á íslensku hugviti. Ofnarnir bæta gæði aflans, draga úr heilsuspillandi áhrifum reyks á starfsfólk, sem eru aðallega konur, minnka brennslu eldiviðar og auka nýtingu og virði fiskafurða.

Gert var ráð fyrir að halda áfram uppbyggingastarfi í Síerra Leóne og Líberíu með því að byggja ofna og veita tengda þjálfun. COVID-19 faraldurinn setti hins vegar strik í reikninginn og var framkvæmdum frestað til 2021.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Uppsafnað frávik



Fjárhæðir í milljónum króna

**COVID-19:
Brugðist við breyttu landslagi**



COVID-19: Brugðist við breyttu landslagi

Heimsfaraldurinn hefur sett mark sitt á rekstur utanríkisráðuneytisins en vegna samfélagslegra lokana víða um heim fækkaði ferðum vegna fundarsóknar og annarra viðburða til muna og afleiðingin varð lækkun á ferðakostnaði ráðuneytisins. Á móti kom aukinn kostnaður vegna stærsta verkefnis sem borgarþjónustan hefur staðið frammi fyrir, að aðstoða þúsundir Íslendinga við að komast heim þegar heimsfaraldurinn reið yfir. Einnig var settur aukinn kraftur í aðstoð við íslensk fyrirtæki sem eiga í alþjóðlegum viðskiptum. Á meðal þyngri útgjaldaþátta var endurnýjun búnaðar vegna heimavinnu og umfangsmeiri þrif og sóttthreinsun húsnæðis og búnaðar. Þá reyndist nauðsynlegt að umbylta allri starfsemi utanríkisþjónustunnar, bæði hér heima og eins í sendiráðum. Takmarka þurfti aðgengi að vinnustöðum og biðja þá sem tók höfðu á að vinna heima. Annarri starfsemi þurfti að sinna á vöktum með ströngum umgengisreglum. Áætlað er að sértækur kostnaður ráðuneytisins vegna fyrstu bylgju kórónuveirufaraldursins hafi numið um 300 milljónum kr.

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra hefur lagt áherslu á að takmarka áhrif heimsfaraldursins eins og kostur er fyrir almenning og efnahagslíf og leita tækifæra fyrir land og þjóð. Utanríkisþjónustan hefur því kappkostað að aðstoða viðskiptalífið við þær fjölmörgu áskoranir sem faraldrinum fylgja. Í júlí 2020 kom út skýrslan Saman á útivelli þar sem tillögur starfshóps utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra um stuðning utanríkisþjónustunnar við útflutningsgreinar og atvinnulíf í kjölfar heimsfaraldursins voru settar fram. Á grundvelli skýrslunnar var sérstök sólarhringsviðskiptavakt sett á laggirnar í október. Viðskiptavaktin byggist á fyrirkomulagi borgara-

þjónustunnar og nýtist ekki síst þegar upp koma brýn úrlausnarefni tengd viðskiptum sem ekki geta beðið hefðbundins skrifstofutíma og kalla á aðkomu stjórnvalda.

Starfsemi borgarþjónustunnar markaðist jafnframt verulega af heimsfaraldrinum. Árið 2019 voru 679 aðstoðarbeiðnir skráðar hjá borgarþjónustu utanríkisráðuneytisins en í fyrra bárust ráðuneyti og sendiráðum yfir níu þúsund slíkar beiðnir. Hefðbundin verkefni borgarþjónustu, svo sem aðstoð vegna veikinda, slysa og sakamála, urðu einnig flóknari vegna ferðatakmarkana víða um heim. Það var lán í óláni að starfsfólk áritanadeildar gat hlaupið undir bagga á þessum álagstíma enda voru fáar umsóknir um Schengen-vegabréfsáritanir á tímum heimsfaraldurs.

Faraldurinn hefur haft margvísleg neikvæð áhrif í þróunarríkjum. Íslensk stjórnvöld hafa lagt áherslu á að að bregðast hratt við og var rúmunum milljarði íslenskra króna varið til þróunarsamvinnuverkefna vegna COVID-19 árið 2020. Þar með talið er 500 milljóna framlag til bóluefnasamstarfs COVAX til þess að tryggja þróunarlöndum aðgang að öruggum bólusetningum gegn COVID-19. Árið 2021 verður hálfum milljarði til viðbótar varið til bóluefnasamstarfs COVAX og áfram stutt við verkefni sem draga úr neikvæðum áhrifum faraldursins og stuðla að uppbyggingu í kjölfar hans.

Borgarþjónusta 2020



9.000+

Rúmlega **níu þúsund beiðnir um aðstoð** bárust sendiráðum og ráðuneyti samanborið við 679 árið 2019.



2.000+

Vegna COVID-19 voru rúmlega **tvö þúsund liprunarbréf** gefin út til staðfestingar á heimild til að koma til landsins.



1.170

Vegabréfsumsóknir voru 1.170 talsins árið 2020 og **335 neyðarvegabréf** voru gefin út.



74.000+

Rúmlega **74 þúsund heimsóknir á ferðaráðsvef** utanríkisráðuneytisins vegna COVID-19 frá opnun í marsmánuði 2020.

Ferðum vegna funda fækkaði verulega árið 2020 og kyrrsetti heimsfaraldurinn nánast ráðamenn og embættismenn allra landa. Þrátt fyrir það hafa pólitísk samskipti verið mikil og árangursrík. Fjarfundir hafa reynt öflugt verkfæri og einsýnt er að því fyrirkomulagi verði haldið áfram að verulegu leyti þegar faraldrinum linnir enda auðveldar það reglulegt samtal og dregur úr kostnaði og kolefnis-

fótspori. Gildi norræns samstarfs hefur sjaldan komið betur í ljós en í yfirstandandi heimsfaraldri. Faraldurinn var forgangsefni í samstarfi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja og náð samstarf um heimflutning á ríkisborgurum sem urðu innlyksa víðs vegar um heiminn reyndist afar dýrmætt.



Framvinda í kynja- og jafnréttismálum

Framvinda í kynja- og jafnréttismálum

Starf utanríkisþjónustunnar á sviði jafnréttismála byggist á þeirri áherslu stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að Ísland geti verið sterk rödd á alþjóðavettvangi og fyrirmynd um jafnréttismál. Í alþjóðlegum samanburði hefur Ísland náð góðum árangri í jafnréttismálum og hlotið alþjóðlegar viðurkenningar sem vakið hafa athygli. Utanríkisþjónustan vinnur ötulllega að áframhaldandi framförum á því sviði bæði heima fyrir og erlendis.

Utanríkisráðuneytið vinnur eftir fimm ára áætlun um kynjaða fjárlagagerð 2019-2023 og hefur unnið að kortlagningu á kynjasjónarmiðum í þeim málaflokkum sem undir ráðuneytið heyra. Sú vinna fór fram á árinu 2020 og er gerð skil í stöðuskýrslu um kortlagningu kynjasjónarmiða 2021.

Aðgerðir í kynja- og jafnréttismálum á málefnaviði 04

Málsvarastarf í þágu kynjajafnréttis og valdeflingar kvenna er hluti af daglegum störfum utanríkisþjónustunnar.

Ísland fór með formennsku í Norðurskautsráðinu 2019-2021. Verkefni um jafnréttismál á norðurslóðum, sem Ísland hefur leitt innan vinnuhóps um sjálfbæra þróun, lauk með útgáfu á skýrslu um jafnrétti á norðurslóðum. Verkefnið hefur sýnt fram á atgervisflotta kvenna af jaðarsvæðum, einsleit og karllæg atvinnutækifæri og háa tíðni kynbundins ofbeldis. Í ljósi þessarar stöðu er áhersla á jafnréttismál mikilvæg í þeim hluta starfs Norðurskautsráðsins sem snýr að íbúum á norðurslóðum.

Ísland vinnur markvisst að markaðssetningu íslenskrar jafnréttisþekkingar innan Uppbyggingarsjóðs EES og hefur þróað gagnagrunn um áhugasama samstarfsaðila á sviði jafnréttismála sem opnaður var í janúar 2021. Eitt slíkt verkefni er samstarfsverkefni Íslands og Slóveníu um samanburðarúttekt á stöðu jafnréttismála í utanríkisþjónustum ríkjanna sem lauk um mitt ár.

Ísland hefur beitt sér fyrir því að setja jafnréttisákvæði í viðskiptasamninga, þ.á.m. í fríverslunarsamning við Bretland sem er fyrsti fríverslunarsamningurinn sem Ísland gerir þar sem slík ákvæði er að finna. Þá hafa jafnréttismál og efnahagsleg valdefling kvenna verið rædd í reglulegu efnahagssamráði við Bandaríkin. Í starfi innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) hefur Ísland leikið lykilhlutverk við að koma jafnréttismálum á dagskrá. Í september 2020 var stofnaður vinnuhópur innan WTO um jafnrétti og viðskipti sem Ísland stýrir ásamt Botswana og El Salvador.

Ísland leggur einnig ríka áherslu á innleiðingu ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur frið og öryggi og vinnur nú samkvæmt landsáætlun fyrir tímabilið 2018-2022. Jafnframt heldur Ísland málefnum 1325 á lofti á alþjóðavettvangi, meðal annars hjá Atlantshafsbandalaginu og fjármagnar þar stöðu sérfræðings á þessu sviði.

Aðgerðir í kynja- og jafnréttismálum á málefnaviði 35

Kynja- og jafnréttismál eru bæði þverlægt og sértækt markmið í allri þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð Íslands. Lögð er



áhersla á verkefni sem stuðla að kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna og auknum möguleikum þeirra til tekjuöflunar, auk aðgerða til að sporna gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi. Í tengslum við heimsmarkmiðin og aukna áherslu á fjölþjóðlega þróunarsamvinnu hefur samráð við undirstofnanir og sjóði Sameinuðu þjóðanna verið eft. Það á við um Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnun Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA).

Íslandi leiðir aðgerðabandalag um kynbundið ofbeldi ásamt Bretlandi, Kenya og Uruguay í tengslum við átak UN Women „Kynslóð jafnréttis“. Skipaður var stýrihópur forsætisráðherra og utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra um verkefnið. Innan Sameinuðu þjóðanna tekur Ísland þátt í starfi nokkurra starfshópa og á árinu 2020 gekk Ísland til liðs við kjarnahóp sem beitir sér fyrir málefnum hinsegín fólks.

Auk kjarnaframlaga styður Ísland einstök jafnréttisverkefni UN Women, UNFPA og UNICEF, þ.m.t. sameiginlegt verkefni UNICEF og UNFPA um afnám limlestinga á kynfærum kvenna og stúlkna. Önnur verkefni lúta að valdeflingu sýrlenskra kvenna í flóttamannabúðum í Jórdaníu, skrifstofu UN Women í Palestínu, verkefninu Kynslóð jafnréttis, þróun jafnréttisáætlunar í Malaví, þróun landsáætlunar um konur, frið og öryggi í Mósambík, og verkefni um afnám ofbeldis gagnvart konum og stúlkum í Afganistan. Ísland hefur á undanförunum árum gert sérstakt samkomulag við nokkrar undirstofnanir Sameinuðu þjóðanna um að senda sérfræðinga á sviði mannúðar til tímabundinna starfa.

Í tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands var unnið markvisst með héraðsyfirvöldum Mangochi í Malaví að bættri fæðingaþjónustu ásamt mæðra- og ungbarnaeftirliti. Í bæði Síerra Leóne og Malaví

hefur verið unnið að því í samvinnu við UNFPA að því að veita konum og stúlkum sem þjást af fæðingarfstli þjónustu. Til að sporna við áhrifum heimsfaraldurs studdi Ísland verkefni UN Women í Malaví og UNFPA í Síerra Leóne.

Sýnt hefur verið fram á að konur í útflutningsstarfsemi upplifa meiri hindranir og hærrí útflutningskostnað og að þær eiga aðeins lítinn hluta útflutningsfyrirtækja á heimsvísu. Til þess að sporna við þessu styður Ísland SheTrades verkefni Alþjóðaviðskiptamiðstöðvarinnar í fjölþjóða þróunarsamvinnu sem hefur það að markmiði að tengja fyrirtæki í eigu kvenna við alþjóðamarkaði. Á árinu 2020 studdi SheTrades fyrirtæki kvenna til að fást við afleiðingar COVID-19 faraldursins.

**Tímalína - Stiklað á stóru
í starfsemi utanríkisþjónustunnar 2020**

Tímalína Stiklað á stóru í starfsemi utanríkisþjónustunnar 2020

24. janúar

Guðlaugur Þór Þórðarson kynnir ríkisstjórn fyrstu samningsmarkmið Íslands fyrir framtíðarviðræður við Bretland. [Nánar >](#)

28. janúar

Utanríkisráðherrar Íslands, Noregs og Liechtenstein undirrita samning við Bretland vegna útgöngu Bretlands úr Evrópska efnahagssvæðinu. [Nánar >](#)



30. janúar

Íslandsfrumvarpið um áritanir fyrir íslenska viðskiptaaðila og fjárfesta lagt fram á Bandaríkjaþingi. [Nánar >](#)

17. febrúar

Skýrsla um setu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna kemur út. [Nánar >](#)

21. febrúar

Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins, í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið, sóttvornalækni og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, aðstoðar íslenska fjölskyldu við heimferð frá Wuhan í Kína. [Nánar >](#)

19. febrúar

Guðlaugur Þór Þórðarson fundar með Urmas Reinsalu utanríkisráðherra Eistlands í Tallinn. [Nánar >](#)

18. febrúar

Guðlaugur Þór Þórðarson fundar með Edgars Rinkēvičs utanríkisráðherra Lettlands í Ríga. [Nánar >](#)



24. febrúar

Guðlaugur Þór Þórðarson skorar á utanríkisráðherra Sáadí-Arabíu að láta baráttufólk fyrir mannréttindum úr haldi á fundi þeirra í Genf. [Nánar >](#)

25. febrúar

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra gagnrýnir stjórnvöld í Venesúela harðlega í ávarpi í mannréttindarráði Sameinuðu þjóðanna. [Nánar >](#)



2. mars

Drög að frumvarpi til breytinga á lögum um utanríkisþjónustu birt í samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar. [Nánar >](#)

17. mars

Utanríkisráðherrar Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar leggja áherslu á samstöðu Norðurlanda og samstarf vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. [Nánar >](#)

20. mars

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra ræðir samstarf um borgarþjónustu og aðrar aðgerðir vegna COVID-19 með utanríkisráðherrum Norðurlanda. [Nánar >](#)

19. mars

ESB nemur úr gildi útflutningsbann á lækningavörum til EFTA-ríkjanna innan EES. [Nánar >](#)

17. mars

Guðlaugur Þór Þórðarson ræðir við Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, um áhrif tímabundins banns Bandaríkjastjórnar við ferðum ferðamanna af Schengen-svæðinu. [Nánar >](#)



23. mars

Tímabundið dregið úr starfsemi sendiráða Íslands í Afríku vegna COVID-19. [Nánar >](#)



2. apríl

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra ræðir viðbrögð við COVID-19 á ráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins. [Nánar >](#)



7. apríl

Íslensk stjórnvöld semja við Íslendair um að sækja hlífðarbúnað fyrir heilbrigðisstarfsmenn til Kína. [Nánar >](#)

10. apríl

Áttatíu ára afmæli utanríkisþjónustunnar fagnað í skugga heimsfaraldurs. Afmælisvefur birtur þar sem sagan er rifjuð upp. [Nánar >](#)

7. maí

Skýrsla utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra um utanríkis- og alþjóðamál kynnt á Alþingi. [Nánar >](#)

7. maí

Fyrsti fundur aðalsamningamanna Íslands og Bretlands um framtíðarsamband ríkjanna. [Nánar >](#)

8. maí

Guðlaugur Þór Þórðarson tekur þátt í sérstökum fundi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna í tilefni af því að 75 ár voru liðin frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar í Evrópu. [Nánar >](#)



27. maí

Guðlaugur Þór Þórðarson skrifar undir þjónustusamning milli Háskólans á Akureyri og utanríkisráðuneytisins um eflingu norðurslóðasamstarfs. [Nánar >](#)

26. maí

Utanríkisráðherrar Íslands og Japans ræðast við á símafundi um samstarf á tímum heimsfaraldurs. [Nánar >](#)

25. maí

Guðlaugur Þór Þórðarson sækir fund EES-ráðsins þar sem viðbrögð ríkja EES við COVID-19 voru í brennidepli. [Nánar >](#)

14. maí

Samskipti Íslands og Bretlands eflað með samstarfsyfirlýsingu til næstu tíu ára. [Nánar >](#)



3. júní

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra fundar með NB8 og Visegrad-ríkjum. [Nánar >](#)

4. júní

Ísland stýrir viðskiptarýni Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. [Nánar >](#)

8. júní

COVID-19 og fríverslunarviðræður efst á baugi á ráðherrafundi EFTA. [Nánar >](#)

11. júní

Ísland í kjarnahóp um mannréttindi í Íran. [Nánar >](#)

29. júní

Kafbátaeftirlitsæfingin Dynamic Mongoose á vegum Atlantshafsbandalagsins hefst undan Íslandsströndum. [Nánar >](#)

26. júní

Starfshópur utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra um stuðning utanríkisþjónustunnar við útflutningsgreinar skilar skýrslunni Saman á útivelli. [Nánar >](#)



23. júní

Breytt ferðaráð Íslenskra stjórnvalda þegar faraldurinn er í rénun í Evrópu. [Nánar >](#)



29. júní

Utanríkisráðherra Færeyja í heimsókn á Íslandi. [Nánar >](#)

1. júlí

Ísland á meðal forysturíkja átaksverkefnisins „Kynslóð jafnréttis“ á vegum UN Women. [Nánar >](#)

6. júlí

Utanríkisráðherrar Norðurlandanna fá afhenta skýrslu Björns Bjarnasonar um þróun norræns samstarfs á sviði utanríkis- og öryggismála. [Nánar >](#)



17. júlí

Samkomulag um mikilvægustu málefni í viðræðum við Breta á fundi aðalsamningamanna EFTA-ríkjanna innan EES og Bretlands. [Nánar >](#)

14. ágúst

Utanríkisráðherrafundur NB8-ríkja um Belarús vegna forsetakosninga þar í landi. [Nánar >](#)

16. ágúst

Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn fagnar aldarafmæli. [Nánar >](#)

**25. ágúst**

Martin Eyjólfsson tekur við starfi ráðuneytisstjóra af Sturlu Sigurjónssyni sem verður sendiherra í London. [Nánar >](#)

26. ágúst

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra fundar með þróunarsamvinnuráðherrum Norðurlanda og ráðherrum sjö Afríkuríkja um áhrif og viðbrögð við kórónuveirufaraldrinum. [Nánar >](#)

17. september

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra tekur þátt í fundi norræna utanríkisráðherra á Borgundarhólmi þar sem skýrsla Björns Bjarnasonar er kynnt. [Nánar >](#)

**15. september**

Guðlaugur Þór Þórðarson fundar í Lundúnum vegna framtíðarviðræðna við Bretland. [Nánar >](#)

**4. september**

Guðlaugur Þór Þórðarson ræðir ástandið í Belarús á fundi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. [Nánar >](#)

22. september

Ísland og Noregur fjármagna kaup á tveimur milljónum skammta af bóluelfni. [Nánar >](#)

29. september

Guðlaugur Þór Þórðarson ávarpar 75. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. [Nánar >](#)

**7. október**

Ályktun Íslands um Filippseyjar samþykkt í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. [Nánar >](#)

13. október

Guðlaugur Þór Þórðarson ræðir heimsfaraldurinn og græna framtíð á ráðherrafundi Alþjóðabankans. [Nánar >](#)

23. október


Guðlaugur Þór Þórðarson ræðir Hoyvíkursamninginn við Jenis av Rana, utanríkisráðherra Færeyja, á fundi í Þórshöfn. [Nánar >](#)

**16. október**

Fulltrúar Íslensku friðargæslunnar við störf hjá fjölþjóðaliði Atlantshafsbandalagsins í öllum Eystrasaltsríkjum. [Nánar >](#)

15. október

Heimstorg Íslandsstofu og viðskiptavakt utanríkisráðuneytisins hefja göngu sína. [Nánar >](#)

**27. október**

Efnahagssamráð Íslands og Bandaríkjanna haldið í annað sinn og fest í sessi. [Nánar >](#)

4. nóvember

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra ávarpar ráðherrafund Evrópuráðsins og lætur í ljós áhyggjur af kynbundnu ofbeldi og takmörkunum á frelsi blaðamanna. [Nánar >](#)

5. nóvember

Guðlaugur Þór Þórðarson ræðir viðskipta- og efnahagsmál á símafundi með Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna. [Nánar >](#)

12. nóvember

Guðlaugur Þór Þórðarson heldur fjarfund um viðskiptamál og stuðning við atvinnulífið í samvinnu við Íslandsstofu og Samtök atvinnulífsins. [Nánar >](#)

17. nóvember

Guðlaugur Þór Þórðarson tekur þátt í Heimsþingi kvenleiðtoga, Reykjavík Global Forum – Women leaders. [Nánar >](#)

18. nóvember

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra fundar með EES-ráðinu í annað sinn á árinu. Kórónuveirufaraldurinn og málefni Belarús eru efst á baugi. [Nánar >](#)

**20. nóvember**

Hautfundur embættismannanefndar Norðurskautsráðsins lýkur. [Nánar >](#)

26. nóvember

Guðlaugur Þór Þórðarson tekur þátt í fundi varnarmálaráðherra þátttökuríkja í samstöðuaðgerðum Atlantshafsbandalagsins. [Nánar >](#)

2. desember

Guðlaugur Þór Þórðarson flytur opunarávarp á kynningarfundum fyrir bandaríska og kanadíska fjárfesta. [Nánar >](#)

8. desember

Bráðabirgðafríverslunarsamningur við Bretland undirritaður. [Nánar >](#)

3. desember

Fjarfundur utanríkisráðherra aðildarríkja Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu fer fram. [Nánar >](#)

2. desember

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra tekur þátt í utanríkisráðherra fundi Atlantshafsbandalagsins þar sem málefni Kína og Afganistan eru ofarlega á baugi. [Nánar >](#)

**9. desember**

Guðlaugur Þór Þórðarson ávarpar ráðherrafund UNESCO um öryggi blaðamanna. [Nánar >](#)

16. desember

Loftferðasamningur við Breta undirritaður. [Nánar >](#)

**18. desember**

Fundur NB8-ríkjanna með þátttöku utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra. [Nánar >](#)

**21. desember**

Guðlaugur Þór Þórðarson tekur þátt í utanríkisráðherrafundi Norðurlanda og Kanada. [Nánar >](#)

